


**LINDA BJÖRK SUMARLIÐADÓTTIR**

*Fer á snjóbretti á sumrin og brimbretti á veturna*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**HUGLEIKUR DAGSSON**

*Aftur í Símaskrána*

Knútur verður þrumuguðinn Þór.

FÓLK 26









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. maí 2009 — 124. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

### Auðunn á úrslitaleik



Auðunn Blöndal ætlar til Rómar á úrslitaleik Manchester United og Barcelona í Meistaradeildinni.

FÓLK 26

### Hlýtur Fjörusteininn



Egilsson hf. hlaut umhverfisverðlaun Faxaflóahafna fyrir fallegan frágang og umhverfisvitund.

TÍMAMÓT 16

### Þjóðarviljinn

Því eins og góður maður sagði einhvern tíma: „Þar sem allir hugsa eins, hugsar enginn mikið“", skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 12

### Í úrvalsdeildina



Jóhannes Karl Guðjónsson mun leika með Burnley í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.

ÍÞRÓTTIR 22

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐAST HÆGUR** í dag verður stíf norðaustanátt á Vestfjörðum, annars hægur. Bjart með köflum suðvestanlands og sums staðar austan til, annars skýjað og hætt við skúrum, einkum nyrðra.

VEÐUR 4

# Háskólunum verði fækkað úr sjö í tvo

**Erlendir sérfræðingar vara við niðurskurði í menntakerfinu, sér í lagi í grunnskólunum. Lögð er til sameining háskóla þannig að eftir standi tveir, annar einkarekinn, hinn opinber. Leggja á áherslu á nýsköpun á þremur fræðasviðum.**

**EFNAHAGSMÁL** Sameina á háskóla landsins þannig að hér verði þeir tveir, í stað sjö áður. Þetta er meðal tillagna nefndar alþjóðlegra sérfræðinga sem var skipuð í ársbyrjun um framtíð menntunar, rannsókna og nýsköpunar hér á landi.

Erlenda sérfræðinefndin kynnti niðurstöður sínar fyrir ráðherrum menntamála og iðnaðar, auk rektora allra háskóla landsins, á fundi í gær. Fyrir nefndinni fór Christoffer Taxell, kanslari við Åbo-háskólann í Finnlandi. Hann var ráðherra vísinda- og tæknimála í Finnlandi í bankahruninu í byrjun tíunda áratugarins og hefur látið til sín taka í finnsku atvinnulífi.

„Íslenska menntakerfið er um margt ágætt, en okkur þykir sem umræður og ákvarðanataka í stefnumálum sé fulldreifð,“ segir Taxell. Í skýrslunni er lagt til að forsætisráðherra sitji eftirleiðis alla fundi vísinda- og tækniráðs og það verði notað sem vettvangur fyrir raunverulega stefnumótun og ákvarðanir. Taxell segir ekki tilviljun að í kjölfar efnahagsáfalls þurfi að horfa til menntastefnunnar. „Viðtekið er að menntun sé besta leiðin til að breyta heiminum.“ Áréttað er mikilvægi þess að viðhalda fjárfestingum í menntun á öllum skólastigum. „Sérstaklega á það við um grunnskólann, þar sem grunnurinn er lagður að allri annarri menntun,“ segir Taxell. Þá er lagt til að mennta- og rannsóknakerfið verði endurskoðað, svo sem með sameiningu háskóla, og aukin áhersla verði lögð á nýsköpun. Ákvarðanir um breytingar segir Taxell mikilvægt að taka sem fyrst.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir sumarið verða notað til að fara yfir tillögurnar og kveðst leggja áherslu á samráð þeirra sem að málum komi. „Þarna er margt áhugavert og þetta verður sett í áframhaldandi vinnu. Sumt er mjög gott og annað þarf að skoða betur,“ segir hún.

- óká / sjá síðu 10



**OG HOPPA**… Viktoría Líf Björnsdóttir var ekki vitund smeyk að hoppa úr trénu, þótt fallið væri býsna hátt. Viktoría er í leikskólanum Rauðhóli og fagnaði eins og aðrir þar opnun nýrrar útideildar, sem hefur fengið nafnið Björnslundur. Þar geta krakkarnir notið náttúrunnar, klifrað í trjánum og… hoppað niður aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðherrar og fulltrúar vinnumarkaðarins funduðu um stöðugleika í gærkvöldi:

## Tillögur kynntar á næstu dögum

**EFNAHAGSMÁL** Ráðherrar funduðu í gær með fulltrúum vinnumarkaðarins um stöðugleikasáttmála sem unnið er að því að koma á. Fundarmenn voru sammála um að góður andi væri í viðræðum.

„Auðvitað er ekki hægt að ætlast til að viðmælendur okkar skrifi upp á hvað sem kemur, en þeir hafa skilning á stærðargráðu vandans,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hann segir tillögur ríkisstjórnarinnar verða lagðar fyrir Alþingi í skrefum á næstu dögum. Í júní verði heildaráætlun til lengri tíma kynnt.

Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, segist ánægður með vilja stjórnvalda til viðræðna. Hann segir mikilvægt að á næstu dögum gerist nokkrir samverkandi þættir, sem myndu auka bjartsýni; tilkynnt yrði um vaxtalækkun, kynnt yrði markviss stefna í ríkisfjármálum, farið yrði í viðræður við ESB og fyrningarleiðinni yrði sálgað. - kóp



KVENNASMIÐJAN Auður Jónsdóttir og átján skapandi konur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skapandi skrif hjá Auði:

## Átján einstæðar mæður skrifa leikverk

**FÓLK** **Átján einstæðar mæður, sem sátu námskeið í skapandi skrifum hjá rithöfundinum Auði Jónsdóttur, frumsýna á fimmtudaginn tvö ný leikverk á stóra sviði Borgarleikhússins. Sýningin hefst klukkan ellefu árdegis og er öllum opin en atvinnuleikarar fara með hlutverkin. Auður segist í raun vera alveg gáttuð á þeim krafti sem bjó í þessum hópi og segir textann alveg einstakan. „Mörg ungskáldin myndu skera af sér aðra höndina fyrir texta á borð við þennan,“ segir Auður.**

- fgg / sjá síðu 26

Bankaræningi í hjartastoppi:

## Sparkaði sér leið inn í banka

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær mann sem hafði sparkað sér leið inn í Kaupþing banka við Austurstræti. Maðurinn var í annarlegu ástandi og mjög æstur samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Maðurinn, sem er rúmlega tvítugur, er talinn vera erlendur ferðamaður. Hann komst inn í bankann um klukkan 20.30 í gærkvöldi. Hann var með nokkuð af smámynt á sér þegar hann var handtekinn.

Bankaræninginn fékk hjartastopp þegar verið var að flytja hann með lögreglubíl. Lögreglumanni tókst að koma hjarta hans í gang aftur og var hann fluttur á bráðamóttöku Landspítalans. - bj








**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Gunni er með **11 milljón króna** verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376** krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það **sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.** Nánari útreikningar og upplýsingar er að finna á **www.byr.is**

Fjárhagsleg heilsa

BYR SPARISJÓÐUR

## SPURNING DAGSINS



*Stefán Karl, hefur Glanni glæpur eignast keppinaut?*

„Í þjófnaði já, en ekki á golfvellinum. Það tekur hann enginn þar.“

Golfsetti Stefáns Karls Stefánssonar var nýverið stolið úr bílskúr leikarans í Kaliforníu, og hefur hann því ekkert getað stundað golf það sem af er sumri. Stefán Karl fór með hlutverk Glanna glæps í Latabæ í mörg ár.

Stjórn VR skiptir út fulltrúum félagsins í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna:

# Endurspegla breytingar á VR

**KJARAMÁL** Stjórn VR ákvað í gær að skipta út fulltrúum félagsins í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Þar með mun stjórnarformaðurinn, Páll Gunnar Pálsson, fyrrverandi formaður VR, fara úr stjórn lífeyrissjóðsins.

„Við viljum endurspegla þær breytingar sem orðið hafa á stjórn VR í kjölfar kosninganna [til stjórnar VR] í stjórn lífeyrissjóðsins,“ segir Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR. Hann segir að ekki megi skilja skipti á stjórnarmönnum sem gagnrýni á störf fráfarandi stjórnarmanna.

Inn í stjórnina koma þau Ragnar Önundarson, Stefanía Magnúsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir og Benedikt Vilhjálmsson. Stjórn lífeyrissjóðsins skiptir með sér verkum, en Kristinn segist vonast til þess að sátt verði um að Ragnar verði stjórnarformaður.



KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON

„Við erum búin að tilnefna nýtt fólk í stjórnina. Í framhaldinu þarf að senda erindi til sjóðsins og Fjármálaeftirlitið þarf að samþykkja breytingarnar,“ segir Kristinn.

Fram kom í máli fundarmanna á aðalfundi lífeyrissjóðsins í gærkvöldi að ólöglegt sé að skipta út stjórnarmönnum áður en kjörtímabil þeirra renni út. Kristinn segir að samkvæmt lögfræðiáliti sem unnið hafi verið fyrir VR sé það rangt. Fordæmi séu fyrir breytingum á stjórn á miðju tímabili.

Á aðalfundinum í gær kom einnig fram að vegna góðrar stöðu sjóðsins þurfi ekki að skerða greiðslur úr sjóðnum, þrátt fyrir neikvæða afkomu í fyrra. - bj

Samdráttur hjá þingmönnum:

# Spara við sig aðstoðarmenn

**ALÞINGI** Forsætisnefnd Alþingis ákvað í gær, að tillögu forseta Alþingis, að leggja niður stöður aðstoðarmanna landsbyggðarþingmanna, í það minnsta tímabundið, vegna kostnaðar.

Þingmönnum var heimilað að ráða aðstoðarmenn á síðasta kjörtímabili. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segir að með þessu megi spara um 50 milljónir króna á ári.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna geta eftir sem áður ráðið aðstoðarmenn. Ásta segir það sína skoðun að þeir þurfi á aðstoðarmönnunum að halda. - bj

Þingmaður Framsóknar:

# Sýnist tillagan hafa breyst lítið

**EVRÓPUMÁL** „Ég sagði við fyrri tillögu að ég myndi ekki styðja hana óbreytta og persónulega sýnist mér hún hafa tekið litlum breytingum,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknar.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Í gær var þingsályktunartillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu kynnt á Alþingi.

Gunnar Bragi segir að tillagan verði rædd í þingi á fimmtudag, en flokkarnir muni líklega fara yfir hana á þingflokksfundi á miðvikudag. Þangað til vilji hann sem minnst tjá sig um hana. - kóþ

Fjölbreyttara fuglalíf:

# Lóan nemur land í Surtsey

**NÁTTÚRA Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands gengu fram á heiðlóuhreiður með fjórum eggjum í síðustu viku. Þetta er í fyrsta sinn sem lóan verpir í eynni.**

**Á vef stofnunarinnar kemur fram að lóan sé fyrsti vaðfuglinn sem verpir í Surtsey, en fimmtánda tegundin sem slíkt gerir. Heiðlóan lifir á smádýrum, einkum bjöllum og flugum, og er varp hennar dæmi um hve skordýralíf hefur aukist mikið í eynni með vaxandi gróðri. Þá fannst einnig grágæsahreiður og er það einnig í fyrsta sinn, þótt vitað sé að fuglinn hóf varp í eynni árið 2002. Þá rákust leiðangursmenn á hunangsflugu í fyrsta inn.** - kóp

# Sveitarstjóra greinir á um fyrningarleið

**Sveitarstjóri að vestan spyr sig hvort mótmæli sveitarstjórnarmanna gegn fyrningarleiðinni sé vegna pressu útgerðarmanna. Kvótakerfið lék sveitarfélag hans illa. Fyrningarleiðin veldur þegar tjóni segir bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, segir áform ríkisstjórnarinnar um að beita fyrningarleiðinni hafa þegar valdið skaða í Vestmannaeyjum.

„Fyrirtæki sem sjá fram á það að ríkisstjórnin ætli að setja þau á hausinn á sjö árum, hætta ósjálfrátt að sinna þróunar- og uppbyggingarvinnu,“ segir hann. „Við sjáum þetta til að mynda í því að nær öllum verksmiðjuframkvæmdum, uppbyggingu á vinnsluhúsum og endurbótum á skipum og fleira, hefur verið slegið á frest meðan þessi óvissa ríkir.“

Hann nefnir sem dæmi að Vinnslustöðin hafi hætt við að rífa eitt vinnsluhúsa sinna og reisa nýtt vegna óvissunnar. „Það er verkefni upp á mörg hundruð milljónir og hefði skaffað ársstörf fyrir tugi einstaklinga,“ segir Elliði.

Grímur Atlason, fyrrverandi bæjarstjóri Bolungarvíkur og núverandi sveitarstjóri Dalabyggðar, er ekki sammála Elliða.

„Það er ekki meira öryggi að búa við það að nær allt atvinnulíf eins sveitarfélags velti á geðþótta eins útgerðarmanns,“ segir Grímur. Hann er fylgjandi fyrningarleiðinni eins og Vinstri grænir setja hana upp en þá er einn þriðji af innkölluðum kvóta bundinn við heimasvæði.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir einnig mikið óöryggi fylgja kvótakerfinu og að sveitarstjórnarmenn hafi víða lent í þeirri óþægilegu stöðu að sjá sig knúna til að leggja fjármagn inn í fyrirtæki sem starfa í heimabyggð með það fyrir augum að tryggja atvinnulífið á svæðinu. En síðan hafi fyrirtækið hætt starfsemi þar nánast í kjölfarið, ýmist vegna þess að ekki hafi verið rekstrargrundvöllur fyrir þau lengur eða þá að þau hafi hreinlega verið seld. „Við settum 180 milljónir í slíkt fyrirtæki sem síðan hætti starfsemi einu og hálfu ári síðar og öllu starfsfólki var sagt upp,“ segir hann.

Ómar Már segir sveitarstjórn Súðavíkurhrepps taka heilshugar undir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera hlutlausa og faglega úttekt á áhrifum fyrningarleiðar í samræmi við stjórnarsáttmála þar um. „Ég undrast viðbrögðin [hjá sveitarstjórnarmönnum] og velti því fyrir mér þegar ég heyri henni andmælt af slíku offorsi að sveitarstjórnarmenn kunni að vera undir pressu frá útgerðarmönnum um að standa vörð um þeirra hag því annars selji þeir aflaheimildirnar í burtu. En þrátt fyrir þær mótbárur þá vænti ég þess að sjávarútvegsráðherra standi við þau áform að láta gera þessa úttekt.“

jse@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



ELLIÐI VIGNISSON



GRÍMUR ATLASON



ÓMAR MÁR JÓNSSON

**HVERJU MÁ EIGA VON Á?** Bæði núverandi kerfi sem og fyrirhugað fyrningarleið valda þeim sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi óöryggi.

Greining svínaflensu:

# Skyldmenni ekki smituð

**HEILBRIGÐISMÁL Sex skyldmenni mannsins sem greindist með svínaflensu, eða inflúensu A (H1N1), fyrir helgi, hafa ekki smitast af inflúensunni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sóttvarnarlækni og almannavarnanefnd.**

**Sýni úr skyldmennunum voru tekin til rannsóknar, þar sem grunur lék á að þau hefðu smitast. Í tilkynningunni kemur fram að áfram verði fylgst með heilsufari sexmenninganna næstu daga. Ný sýni verði tekin til rannsóknar ef vart verði inflúensulíkra einkenna hjá einhverjum þeirra. Ekki sé ástæða til að gera aðrar ráðstafanir.** - kg

Braut gegn dóttur æskuvinar:

# Hlaut átján mánaða dóm

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær 42 ára gamlan karlmann í átján mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn dóttur æskuvinar mannsins.

Sannað þótti að maðurinn hafi brotið ítrekað gegn stúlkunni á fjögurra ára tímabili. Brotin áttu sér stað frá því stúlkan var tólf eða þrettán ára gömul. Í dómi héraðsdóms segir að stúlkan hafi verið á eftir jafnöldrum í andlegum þroska, og hafi litið á manninn eins og annan föður.

Maðurinn játaði að hafa brotið tvisvar gegn stúlkunni en sannað þótti að um fleiri tilvik hefði verið að ræða. - bj

## FLÚÐIR

**Fimm stjörnu tjaldsvæði**

Nýtt tjaldsvæði verður tekið í notkun á Flúðum um hvítasunnuna. Stefnt mun vera að því að í framtíðinni verði það fimm stjörnu tjaldsvæði.






Norsk hernaðaryfirvöld hættu við að hvetja Íslendinga til að ganga í herinn:

# Norsk flugsveit til gæslustarfa

**UTANRÍKISMÁL** Þrjár norskar F16-orrustuþotur ásamt um 40 manna fylgdarliði munu stunda æfingar og sinna loftrýmisgæslu hér við land næstu tvær vikur.

Þoturnar komu hingað til lands seinnipart dags í gær, segir Friðrik Jónsson, sviðsstjóri hjá Varnarmálastofnun. Spánverjar hættu nýverið við að senda flugsveit hingað til lands vegna kostnaðar og mun norska flugsveitin koma í þeirra stað.

Friðrik segir kostnaðinn við komu flugsveitarinnar verða á bilinu sex til átta milljónir króna. Von er á bandarískri flugsveit til loftrýmisgæslu í haust.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð upphaflega til að samhliða komu flugsveitarinnar kæmi hingað til lands kynningarhópur á vegum norskra hernaðaryfirvalda. Hann átti að kynna íslenskum ungmennum möguleikann á að ganga í norska herinn og hvetja þau til að sækja um.

Ekki hafa fengist skýringar á því hvers vegna var hætt við þann hluta heimsóknarinnar. Heimildir Fréttablaðsins herma að sú ákvörðun hafi verið tekin einhliða af norskum hernaðaryfirvöldum, án þrýstings frá íslenskum stjórnvöldum. - bj



**ÞOTUR** Þrjár norskar F16 orrustuþotur lentu á Keflavíkurflugvelli í gær. Þær verða hér á landi við eftirlitsstörf og æfingar í tvær vikur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Sumarleikur NICOTINELL




**Sólarlandaferð með Vita að eigin vali fyrir tvo í tvær vikur að verðmæti 350.000 kr.**

**Í tilefni af Reyklausa deginum 31. maí höfum við ákveðið að verðlauna þá sem vilja fræðast um Nicotinell. Það eina sem þú þarft að gera er að svara nokkrum laufléttum spurningum um Nicotinell.* Svörin getur þú fundið í Nicotinell bæklingum í næsta apóteki.**

*Það þarf ekki að kaupa Nicotinell til að taka þátt.



vita

BODRUM | TYRKLAND Njóttu lífsins með VITA á vinsælasta sólarstaðnum í Tyrklandi.

## Spurningar

| | Rétt | Rangt |
|---|---|---|
| 1. Með því að nota Nicotinell nikótínlyf færðu áhrifin af nikótíninu án krabbameinsvaldandi efnanna sem eru í tóbaksreyknum. | ☐ | ☐ |
| 2. Nicotinell lyfjatyggigúmmí fæst með 4 bragðtegundum: Fruit, Mint, Lakkrís og Classic. | ☐ | ☐ |
| 3. Ef þú reykir meira en 20 sígarettur á dag skaltu nota 4 mg lyfjatyggigúmmí eða 2 mg sogtöflu. | ☐ | ☐ |
| 4. Nicotinell munnsogstöflurnar fást með myntu bragði. | ☐ | ☐ |
| 5. Nicotinell forðaplásturinn má nota bæði sem dags- og sólarhringsplástur (16 tíma og 24 tíma). | ☐ | ☐ |
| 6. Nicotinell er notað sem hjálpartæki þegar verið er að hætta eða draga úr tóbaksreykingum. | ☐ | ☐ |

**Svör þurfa að hafa borist Artasan fyrir 5. júní 2009. Dregið verður úr réttum svörum 8. Júní 2009**

Nafn: ______________________

Heimili: ______________________

Staður: ______________ Póstnúmer: ______________

Sími: ______________ Netfang: ______________

**Vinsamlegast klippið út auglýsinguna og setjið í umslag merktu:**

Artasan ehf.

Nicotinell Sumarleikur

Suðurhraun 12a

210 Garðabær

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. Lyfjatyggigúmmí: skammtar mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Munnsogstöflur: skammtar af 1 mg mega aldrei vera stærri en 30 stykki á dag og af 2 mg mest 15 stykki á dag. Plástrar: skammtar eru einn plástur á sólarhring, hvaða styrkleika skal nota fer eftir því hversu mikið var reykt. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## GENGIÐ 25.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,57 | 127,17 |
| Sterlingspund | 201,17 | 202,15 |
| Evra | 177,01 | 178,01 |
| Dönsk króna | 23,768 | 23,908 |
| Norsk króna | 19,955 | 20,073 |
| Sænsk króna | 16,918 | 17,018 |
| Japanskt jen | 1,331 | 1,3388 |
| SDR | 195,15 | 196,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,3794
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra segir kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu váleg tíðindi:

# Ísland fordæmir tilraunirnar

**UTANRÍKISMÁL** „Við fordæmum þessar sprengingar eins sterklega og unnt er,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um kjarnorkutilraunir Norður-Kóreumanna í fyrrinótt.

Össur segir það vera stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar að berjast gegn útbreiðslu kjarnavopna og leggja þau af. „Þessar sprengingar ýta undir spennu í Norðaustur-Asíu. Einnig aukast almennt viðsjár í heiminum þegar ríki, af þeirri tegund sem Norður-Kórea er, er komin með svona tæki í sínar hendur.“

Össur segir að þótt tilraunirnar í fyrrinótt séu ekki þær fyrstu sem Norður-Kóreumenn standa fyrir sé ógnvænlegt að hugsa til þess að sprengjurnar hafi verið mun öflugri en áður. „Það bendir til þess að þeir búi yfir öflugri og þróaðri tækni, sem eru váleg tíðindi. Við fögnuðum í vor þegar Barack Obama, nýr Bandaríkjaforseti, hélt merka ræðu í Prag í Tékklandi þar sem leiðtogafundur NATO fór fram. Þar boðaði hann stefnubreytingu að hálfu Bandaríkjamanna, og það fannst mér boða bjartari tíð í þessum efnum,“ segir Össur.

> Það bendir til þess að þeir búi yfir öflugri og þróaðri tækni, sem eru váleg tíðindi.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
UTANRÍKISRÁÐHERRA

Hann bætir við að þar sem Íslendingar séu friðarsinnar muni þeir ljá þeim röddum í alþjóðasamfélaginu og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem vilja mótmæla tilraununum og reyna að tala um fyrir Norður-Kóreumönnum lið sitt. **- kg**

Sérstakt dómsmál í Frakklandi:

# Vísindakirkjan fyrir rétt

**FRAKKLAND, AP** Vísindakirkjan kann að verða dæmd til að vera leyst upp í Frakklandi í réttarhaldi sem hófst í París í gær. Sjö af æðstu forsvarsmönnum safnaðarins í Frakklandi eru ákærðir fyrir skipulögð svik og ólöglega lyfjastarfsemi.

Vísindakirkjan er flokkuð sem sértrúarsöfnuður í Frakklandi. Ákærunnar eru sprottnar upp af kvörtunum fólks sem hefur yfirgefið söfnuðinn. Þar á meðal er ung kona, sem segir söfnuðinn hafa haft af sér um 21.000 evrur í gjöld fyrir námskeið, bækur og „hreinsunarpakka“. **- aa**



**NOEMI LETIZIA** Stúlkan í brennidepli hneykslisins, með hálsmenið sem Berlusconi gaf henni í afmælisgjöf.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skilnaðarmál Berlusconis:

# Tengsl við táning í brennidepli

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur lofað að útskýra frekar fyrir þjóðinni hvernig sambandi hans er háttað við táningsstúlku sem er í brennidepli pólitísks og persónulegs hneykslismáls.

Í viðtali á CNN-sjónvarpsstöðinni í gær neitaði Berlusconi því að hafa logið til um tengsl sín við Noemi Letizia og sagðist eingöngu hafa reynt að vernda hana og einkalíf fjölskyldu hennar.

Eiginkona Berlusconis vísaði meðal annars til veru hans í átján ára afmælisveislu stúlkunnar sem ástæðu fyrir ósk sinni um skilnað. Berlusconi, sem er 72 ára, segist hafa þekkt föður Noemi lengi og hann hafi mætt í afmælið vegna þess að svo hafi viljað til að hann var staddur í Napolí þennan dag. **- aa**

## AKUREYRI

### Bæjarstjórn hlífir grenitré

Bæjarstjórn Akureyrar hefur skorið úr um að grenitré sem átti að fella í Brekkusíðu til að rýma fyrir bílastæði fái að standa. Ástæðan er mikil andstaða meðal íbúa hverfisins.

## LEIÐRÉTTING

Fulltrúi Sinfóníuhljómsveitarinnar sem rætt var við í blaðinu í gær heitir Arna Kristín Einarsdóttir og er hún tónleikastjóri.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SPENNAN EYKST** Íbúar suður-kóresku höfuðborgarinnar Seoul mótmæla kjarnorkuvígvæðingartilburðum norðanmanna í gær.

# Tilraunakjarnorkusprenging fordæmd

**Ráðamenn ríkja heims brugðust ókvæða við í gær þegar stjórnvöld í Norður-Kóreu tilkynntu að þau hefðu látið sprengja öfluga kjarnorkusprengju neðanjarðar. Jafnvel Kínverjar, hefðbundnir bandamenn N-Kóreu, fordæma tilraunina.**

**KÓREA, AP** Norður-Kóreustjórn lýsti því yfir í gær að hún hefði látið í tilraunaskyni sprengja öfluga kjarnorkusprengju neðanjarðar, mun öflugri en þá sem hún lét sprengja árið 2006.

Tilraunasprenging kommúnistastjórnar í Pyongyang er ávísun á að hin alþjóðlega deila um kjarnorku- og eldflaugavígvæðingaráætlun hennar magnist um allan helming.

Í tilkynningu stjórnarinnar, sem ríkisfréttastofan KCNA birti, segir að framkvæmd hafi verið ný tilraunasprenging kjarnorkusprengju neðanjarðar, „sem lið í aðgerðum til að efla kjarnorkufælingarmátt til sjálfsvarnar“.

Rússneska varnarmálaráðuneytið staðfesti að kjarnorkusprenging hefði átt sér stað neðanjarðar í norðausturhluta Norður-Kóreu kl. 9.54 að staðartíma (kl. 00.54 að íslenskum tíma) í gærmorgun. Sérfræðingar ráðuneytisins giska á að afl sprengjunnar hafi verið á bilinu tíu til tuttugu kílótonn, sem er sambærilegt afli sprengjanna sem Bandaríkjaher sprengdi yfir Hiroshima og Nagasaki árið 1945. Nokkrum stundum síðar sendi norður-kóreski herinn þrjár skammdrægar eldflaugar á loft í tilraunaskyni. Samkvæmt samþykkt öryggisráðs SÞ er Norður-Kóreumönnum bannað að gera nokkrar tilraunir sem tengjast langdrægri eldflaugatækni.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði tilraunirnar „skýlaust brot“ á samþykktum öryggisráðsins og alþjóðalögum, sem ekki væri til annars fallið en að einangra Norður-Kóreu enn frekar.

Jafnvel Kínastjórn, hefðbundinn bandamaður Norður-Kóreu, sagðist „algerlega andsnúin“ þessum tilraunum, en fram til þessa hafa kínverskir ráðamenn farið mjög varlega í að gagnrýna Pyongyang-stjórnina.

Það hvernig Norður-Kóreumenn bjóða stórveldum heimsins birginn eykur um allan helming á spennuna í deilunni um kjarnorkuáætlun þeirra.

Á síðustu tveimur mánuðum hafa Norður-Kóreumenn skotið langdrægri tilraunaeldflaug yfir Japan, hætt þátttöku í alþjóðlegum viðræðum um kjarnorkumál og hrakið eftirlitsmenn úr landi, keyrt á ný upp kjarnorkuver sem áður stóð til að rífa, og varað við því að þeir myndu láta verða af tilraunakjarnorkusprengingum og tilraunum með fleiri langdrægar eldflaugar sem geta borið kjarnorkuvopn. audunn@frettabladid.is

## KJARNORKUTILRAUN

### Tilraunin fordæmd um allan heim

Ríkisstjórnir Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, Rússlands, Japans og fleiri landa heims fordæmdu í gær kjarnorkutilraun Norður-Kóreumanna og hétu því að málið yrði tekið upp í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Jafnvel Kínastjórn, hefðbundinn bandamaður kommúnistastjórnarinnar í Pyongyang, tók undir fordæmingarraddirnar með því að segjast „algerlega mótfallin“ tilraunasprengingunni.

**KÍNA**

„Kínverska ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún er algerlega mótfallin þessu,“ segir í tilkynningu frá kínverska utanríkisráðuneytinu, sem barst nokkrum stundum síðar en viðbrögð annarra ríkisstjórna.

**BANDARÍKIN**

„Norður-Kóreustjórn er að storka alþjóðasamfélaginu með beinum og ábyrgðarlausum hætti,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti. „Hegðun Norður-Kóreumanna eykur á spennu og grefur undan stöðugleika í Norðaustur-Asíu.“

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

Javier Solana, utanríkismálastjóri ESB, sagði tilraunasprenginguna „svívirðilegt brot“ á samþykktum öryggisráðs SÞ. „Þessar óábyrgu aðgerðir Norður-Kóreustjórnar kalla á hörð viðbrögð alþjóðasamfélagsins,“ sagði Solana.

**RÚSSLAND**

Í yfirlýsingu frá rússneska utanríkisráðuneytinu segir að tilraunasprengingin sé „alvarlegur hnekkir fyrir alþjóðlegar tilraunir“ til að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna.

**JAPAN**

Taro Aso forsætisráðherra sagði tilraunina „óviðunandi“ og brot á samþykktum öryggisráðs SÞ. Öryggisráðið yrði að koma tafarlaust saman til að ræða framhaldið.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**FJÖLBREYTNI**
Sé horft á vikuna heildrænt eru þau ýmis sýnishornin sem við munum finna fyrir næstu daga. Í dag verður sæmilega bjart víða suðvestanlands og síðan austan til en úrkomusvæðið liggur yfir Norðurlandinu, einkum norðvestanverðu. Á morgun verður Suðurlandið í björtu veðri annars úrkomulítið. Síðan kemur lægð með rigningu og hlýindi á fimmtudag.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt

FIMMTUDAGUR
5-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 32° |
| Billund | 26° |
| Eindhoven | 20° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 21° |
| New York | 17° |
| Orlando | 31° |
| Osló | 18° |
| París | 17° |
| Róm | 33° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Úthýstu vandræðunum og settu tölvu-, net- og símkerfið í Vist
• Afritun gagna, þjónusta og vöktun allan sólarhringinn
• Fastar og fyrirsjáanlegar mánaðargreiðslur auka hagræði
• Fagleg ráðgjöf við skipulagningu fjarskipta- og upplýsingatækni fyrirtækisins
• Öll þjónusta við síma, net og tölvukerfi hjá einum og sama aðila
Komdu með öll kerfi fyrirtækisins í Vist og losaðu þig um leið við áhyggjur og óþarfa kostnað.
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn
[SPARAÐU
TÍMA OG FJÁRMUNI Í VIST]

**KJÖRKASSINN**



*Hygla stjórnvöld fyrirtækjum í eigu ríkisbankanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,7% |
| Nei | 20,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga kennarar að samþykkja að taka á sig fimm prósenta launalækkun gegn því að fá lengra frí?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Borgarfulltrúi segir banaslys á Hringbraut vendipunkt í umferðarmálum:

# Vill fjölga 30 kílómetra svæðum

**BORGARMÁL** „Ég er á þeirri skoðun að margir pólitíkusar ættu að tala minna um tugmilljónaframkvæmdir í jarðgangagerð og tónlistar- og ráðstefnuhúsi á meðan þeir spara eyrinn í einföldum öryggisaðgerðum. Öryggi á alltaf að hafa forgang yfir gæluverkefni stjórnmálamanna,“ segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans og óháðra.

Ólafur hyggst leggja fram þá tillögu á fundi borgarráðs á fimmtudag að hluta Hringbrautar og Háaleitisbrautar verði breytt og þar aðeins leyfður þrjátíu kílómetra hámarkshraði.

Í tillögu Ólafs er jafnframt hvatt til þess að á allri Hofsvallagötunni verði þrjátíu kílómetra hámarkshraði.

> Öryggi á alltaf að hafa forgang yfir gæluverkefni stjórnmálamanna.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**
BORGARFULLTRÚI F-LISTANS

Þá hvetur Ólafur til þess að unnar verði nýjar og víðtækari tillögur umhverfis- og samgönguráðs um fleiri götur með þrjátíu kílómetra hámarkshraða og einnig mislæg göngutengsl í öllum hverfum borgarinnar. Fleiri hugmyndir í svipuðum dúr fylgja tillögum Ólafs.

Ólafur segir að banaslysið á Hringbraut síðastliðinn föstudag hljóti að verða vendipunktur í hugarfari fólks um umferðarmál. „Það hafði verið varað við þessu í langan tíma. Tillögur mínar eru róttækar og munu eflaust mæta andstöðu, en nauðsyn brýtur lög. Það segi ég sem heilbrigðisstarfsmaður og foreldri,“ segir Ólafur F. Magnússon. **- kg**

Úrskurður óbyggðanefndar:

# Kröfu landeigenda hafnað

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Austurlands staðfesti í gær úrskurð óbyggðanefndar um að hluti lands í svokallaðri Krepputungu á Mývatnsöræfum teljist þjóðlenda.**

**Landeigendur á bænum Brú kröfðust þess að úrskurður óbyggðanefndar yrði felldur úr gildi. Þeirri kröfu var hafnað. Héraðsdómur taldi gögn ekki sýna fram á að umdeild þjóðlenda teldist hluti af jörð Brúar. Heimildir um landnám á svæðinu séu ekki nægilega skýrar til að hægt sé að fullyrða um það.**

**Málskostnaður í málinu var felldur niður.** **- bj**


**LAGERSALA**
**26. maí - 1. júní**

**Krakkar**

Pollajakkar 1.500 kr.

Pollabuxur 1.500 kr.



Flíspeysur 2.000-3.000 kr.

Krakka sumarúlpur 4.000 kr.

**Dömur & herrar**

Öndunarbuxur 6.000 kr.



Öndunarjakkar 6.000-10.000 kr.



Dömuflíspeysur 4.000-6.500 kr.

Buxur 3.000 kr.

Stuttbuxur 1.000 kr.



Herraflíspeysur 4.000 - 6.500 kr.



Vindbuxur 1.000 kr.

Vindstakkur 2.000 kr.

Regnkápur/jakkar 2.000 kr.

Opnunartímar
Þri til fös: 9-18 • Lau: 11-16 • Mán: 11-16

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12 (2. hæð), 108 Reykjavík

www.66north.is


# Ungmenna leitað hátt í þrjú hundruð skipti

**253 sinnum hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitað að ungmennum á aldrinum 11 til 18 ára síðan í janúar 2008. Oftast var leitað 13 sinnum að sama einstaklingnum. Miklar sveiflur eru á milli mánaða.**

**LÖGREGLAN** Lögreglan hefur í 253 skipti hafið eftirgrennslan eða leit að ungmennum á aldrinum ellefu til átján ára á tímabilinu frá janúar 2008 til aprílloka 2009. Leitað hefur verið að 145 einstaklingum sem þýðir að 44 hafa komið oftar en einu sinni við sögu í leit lögreglunnar og oftast var leitað þrettán sinnum að sama ungmenninu. Að meðaltali á tímabilinu var því leitað að sextán sinnum að börnum í mánuði, eða ríflega annan hvern dag.



**GEIR JÓN ÞÓRISSON**

Miklar sveiflur eru á milli mánaða í fjölda leita og eru þær ekki auðskýrðar að mati lögreglunnar. Geir Jón Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn segist ekki telja að lögreglan fari oftar á stúfana nú en áður fyrr, stundum komi þrjú til fjögur útköll á stuttum tíma og þá verði tilfinning fólks og lögreglu sú að um aukningu sé að ræða en svo komi rólegri tímabil inn á milli.

Geir Jón bendir einnig á að mjög misjafnar ástæður liggi á bak við það að ungmenni hverfi. „Það er voðalega erfitt að átta sig á því hverjar ástæðurnar eru, þær geta verið eitthvað sem kemur upp í samskiptum við foreldra eða félaga. En oftar en ekki tengist þetta eitthvað neyslu, krakkarnir hverfa í smátíma, eru kannski lentir í nýjum kunningjahópi. Það getur líka eitthvað komið upp á í umhverfinu sem verður til þess að þau láta sig hverfa.“

Á bak við tölurnar um leit eða eftirgrennslan eftir ungmennum eru mis umfangsmiklar aðgerðir. Það er skráð sem eftirgrennslan hjá lögreglu þegar foreldri hringir inn og biður um að leitað sé að barni sínu. Þegar slík beiðni berst hefur lögreglan ekki formlega leit en lögreglumenn svipast um eftir barninu. Foreldrum er vísað til viðkomandi barnaverndarnefndar og það er hennar að meta hvort nauðsynlegt sé að lögregla hefji formlega leit. Í formlegri leit felst til dæmis að haft er samband við vini og kunningja, tölvusamskipti barnsins skoðuð og svo framvegis.

Mjög misjafnt er hvort strax er send tilkynning til fjölmiðla um börn sem verið er að leita að, yfirleitt er það ekki gert strax nema þau séu talin í hættu. „Þetta fer allt eftir forsögunni, það er svo margt sem þarf að meta þegar leit er hafin að börnum,“ segir Geir Jón. Hann segir stundum snúið að leita að krökkum, en tilkynningar til fjölmiðla séu oft mjög árangursríkar, þær skili oft mjög fljótt vísbendingum um hvar barnið sé að finna. **sigridur@frettabladid.is**




Heimild: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

## OFTAST LEITAÐ Í JANÚAR 2009

Á tímabilinu frá því í janúar 2008 til aprílloka 2009 leitaði lögreglan alls 253 sinnum að ungmennum á aldrinum 11 til 18 ára. Oftast var farið af stað í janúar á þessu ári eða 26 sinnum, það er tvisvar sinnum oftar en í janúar í fyrra. Í febrúar og mars varð fækkun á milli ára en mun oftar var leitað í apríl í ár en í fyrra. Ef fyrstu fjórir mánuðir þessa árs eru bornir saman við sömu mánuði í fyrra kemur í ljós að í ár voru óskir um leit 74 en 58 á sama tíma í fyrra. Lögreglan segir ekki endilega hægt að draga þá ályktun að oftar verði leitað á árinu, sveiflurnar séu það miklar á milli mánaða að skoða þurfi mun lengra tímabil aftur til að sannreyna það. Ef síðasta ár er skoðað þá sjást þessar sveiflur berlega, sjaldnast var leitað í júlí og nóvember eða átta sinnum en oftast var leitað í september og október, 20 og 25 sinnum. Tölurnar eru fengnar hjá upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar.

Ýmsar ástæður geta legið að baki brotthvarfs barna. Yfirleitt er ekki send tilkynning til fjölmiðla fyrr en eftir einn til tvo sólarhringa, nema barnið sé talið í hættu.

53 fangar náðu að flýja óáreittir úr öryggisfangelsi í Mexíkó:

# Fangaverðir stóðu aðgerðalausir hjá

**MEXÍKÓ, AP** Upptökur úr öryggismyndavélum sýna að vopnaðir fangaverðir í meintu öryggisfangelsi í Mexíkó horfðu aðgerðalausir á þegar 53 fangar gengu út og settust óáreittir inn í flóttabíla sem biðu þeirra. Á leiðinni út afgreiddu fangarnir sig meira að segja sjálfir um vopn úr vopnabúri fangavarðanna.

Myndir úr upptökunni voru fyrst birtar í dagblaðinu Reforma í Mexíkóborg á fimmtudag, og í kjölfarið lét ríkissaksóknari birta þær með sínu leyfi. Myndirnar gefa innsýn í þann mikla vanda sem slakt öryggi í fangelsum Mexíkós veldur, en það hefur meðal annars í för með sér að það hefur lítið upp á sig að saksækja og dæma meðlimi fíkniefnaglæpagengja, sem að loknum dómi ganga óáreittir út um opnar fangelsisdyrnar.



**„ÖRYGGISFANGELSIÐ“** Hermenn vakta Cieneguillas-fangelsið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meðal flóttafanganna 53 voru að minnsta kosti ellefu meðlimir slíkra glæpagengja, sem alþjóðalögreglan Interpol segir í tilkynningu að séu „hættulegir öryggi borgara um víða veröld“.

Meðal flóttabíla fanganna voru lögreglubílar.

Allir starfsmenn fangelsisins, þar á meðal fangelsisstjórinn, hafa verið handteknir meðan á rannsókn fangaflóttans stendur. **- aa**




Nýjasta heilsuverslun Reykjavíkur hefur opnað að Suðurlandsbraut 22, við hliðina á Lyfjaveri.

Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval af heilsubótarvörum og sælkerafæði, lífrænt ræktað korn, vítamín og fæðubótarefni. Komdu í heimsókn og kynntu þér spennandi opnunartilboð á frábærum vörum!

Í tilefni af opnun nýrrar verslunar bjóðum við **ókeypis næringarráðgjöf** frá 16 – 18 alla daga í þessari viku. Pantaðu tíma í síma 533 6130.

Heilsuver

Orkuveita Reykjavíkur

Fugla-skoðun

Í dag verður farin fuglaskoðunarferð. Leiðsögumaður er Hafsteinn Björgvinsson. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér sjónauka. Mæting er kl. 19:30 við Minjasafnið í Elliðaárdal og tekur gangan rúma tvo tíma.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 46311 05/09

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

OPINN FYRIRLESTUR

Thorvald Stoltenberg



**Miðvikudaginn 27. maí frá kl. 12.15 til 13.30 í Hátíðasal Háskóla Íslands**

**Norrænt samstarf í utanríkis- og öryggismálum**

*Össur Skarphéðinsson*, utanríkisráðherra, opnar fundinn. *Alyson Bailes*, gestakennari við HÍ, og *Árni Þór Sigurðsson*, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, gefa álit sitt á efni skýrslunnar.
Fundarstjóri er *Bogi Ágústsson*, fréttamaður.

*Fundurinn fer fram á ensku.*

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ NORSKA SENDIRÁÐIÐ

Hagfræðingur segir framúrkeyrslu Kárahnjúkavirkjunar í dollurum gríðarlegan:

# Framúrkeyrlsa um 45 prósent

**VIRKJANIR** Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, segir að kostnaður við Kárahnjúkavirkjun hafi farið um 45 prósent fram úr áætlun. Sé tillit tekið til vaxta sé framúrkeyrslan um 40 prósent. Sigurður miðar þarna við Bandaríkjadali, enda séu tekjur af virkjuninni í þeirri mynd.

Sigurður gagnrýnir aðferðafræði Landsvirkjunar sem uppfærir upphaflega kostnaðaráætlun með byggingarvísitölu og fær út að framúrkeyrsla hafi verið um sjö prósent. „Við þessa aðferð er ýmislegt að athuga. Byggingarvísitala hækkaði mikið meðan unnið var að Kárahnjúkavirkjun, meðal annars vegna eftirspurnarþrýstings frá virkjuninni sjálfri,“ segir í greinargerð Sigurðar. Þá hafi gengi hækkað af sömu ástæðu.



**KÁRAHNJÚKAR** Hagfræðingur við Háskólann gagnrýnir Landsvirkjun fyrir að beita aðferðum sem sýni ekki raunverulega framúrkeyrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í uppfærðu arðsemismati Kárahnjúkavirkjunar, sem gert var í janúar 2008, varð arðsemi eigin fjár hækkuð úr 11,9 í 13,4 prósent. Sigurður segir alvarlega ágalla á þeirri niðurstöðu, enda hafi ný aðferðafræði verið notuð. Í stað spár sérfræðinga um álverð var miðað við þáverandi markaðsverð á áli og framvirkt verð. Það gefi mun hærri tölur. Þá sé ekki útskýrt hví skipt er um aðferð, en ætla megi að kostnaður hafi verið svo mikill að „nauðsynlegt hafi þótt að lappa upp á tekjuhliðina“. **- kóp**

# Boðar sársaukafullar aðgerðir í ríkisrekstri

**Forsætisráðherra boðar niðurskurð og skattahækkanir. Hún segir stjórnvöld og Seðlabankann ráða för í efnahagsmálum en ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Forystumenn stjórnarandstöðunnar segja ríkisstjórnina aðgerðalausa.**

**ALÞINGI** „Erfitt verður að ná fram verulegri lækkun stýrivaxta, sem er lykilatriði fyrir heimilin og fyrirtækin, nema einnig verði á sama tíma gripið til róttækra og sársaukafullra aðgerða í ríkisrekstrinum, með niðurskurði útgjalda og skattabreytingum.“

Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í skýrslu um efnahagshorfur, sem hún flutti á Alþingi í gær. Hún gerði þó ekki frekari grein fyrir áformum um niðurskurð eða breytingar á skattheimtu.

Jóhanna sagði að eyða þurfi 170 milljarða króna fjárlagahalla á næstu fjórum árum og að valið standi nánast eingöngu á milli margra slæmra kosta.

Hún fór yfir stöðu mála og kvað útlit fyrir að efnahagslífið taki að vaxa á ný undir lok næsta árs. Gangi spár eftir verði landsframleiðsla ársins 2011 svipuð og hún var árin 2004 og 5.

Jóhanna sagði mikilvægt að endurreisa bankakerfið en verkið hefur tekið mun lengri tíma en áætlað var. Sagði hún nauðsynlegt að skoða vel að færa lán bankanna í íslenskar krónur, við það yrði gengisáhætta úr sögunni.

Lækkun verðbólgu og afgangur af vöruskiptum við útlönd síðan í september gæfu von um bætta stöðu hagkerfisins. Þá hefði hægt á aukningu atvinnuleysis.

Jóhanna sagðist binda miklar vonir við stöðugleikasáttmála þann sem í smíðum er í samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Hún ítrekaði jafnframt að það væru stjórnvöld og Seðlabankinn sem réðu hér för í efnahagsmálum, ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Óskaði hún að endingu eftir góðu samstarfi við þingheim allan um mikilvæg verkefni á sviði efnahagsmála.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** var harkalega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni á Alþingi í gær vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÞÓR SAARI**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna sögðu Jóhönnu aðeins hafa flutt gömul tíðindi; ekkert nýtt hefði komið fram í máli hennar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist ekki nenna að hlusta lengur á að verkefnin fram undan verði erfið og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, harmaði að allar nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála lægju ekki fyrir.

Þór Saari, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, sagði sér misboðið; fyrir þinginu væri fjöldinn allur af ómerkilegum málum en ekki mál er virkilega vörðuðu ástand mála.

**bjorn@frettabladid.is**

Ný hljóðbók MND-félagsins var gefin út í gær:

# Forsetinn fékk fyrsta eintakið

**SAMFÉLAGSMÁL** Ný hljóðbók MND-félagsins var gefin út í gær. Bókin nefnist Björt framtíð og er samsafn greina eftir 49 höfunda á þremur hljóðdiskum. Það var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem fékk fyrsta eintakið afhent. Sjálfur á hann eina grein í bókinni og les hana upp sjálfur.

Áætlun félagsins er að útgáfan stuðli að aukinni ánægju og vellíðan þjóðarinnar.

„Það má segja að félagið sé með þessu að benda fólki á mikilvægi þess að missa aldrei vonina.Við sem erum MND-veik höfum lifað við lyfjakreppu og án lækningar í eitt hundrað ár. Ef þessar greinar vekja einstaka bros og von hjá þeim sem á hlýða þá er takmarkinu náð. Það sem heldur okkur í MND-félaginu gangandi og eykur lífsgæði okkar í þessu svartnætti, er vonin og það að sjá ljósglætu fram undan,“ segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins.

Hægt er að nálgast bókina bæði í gegnum símasölu sem og á heimasíðu MND-félagsins www.mnd.is. **- hds**



**FÉKK FYRSTA EINTAKIÐ** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tekur við hljóðbókinni frá Guðjóni Sigurðssyni, formanni MND-félagsins.

# TAX FREE!

TAX FREE!




**AÐEINS ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG**

allar sláttuvélar
án vsk

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
## AF ÖLLUM SLÁTTUVÉLUM



**Rafmagnsvélar og bensínvélar**
í úrvali

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt**

HÚSASMIÐJAN x blómaval

Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.



ÁRSFUNDUR 2009

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 27. maí nk., kl. 16.00, á Grand Hóteli, Sigtúni 38, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. „Nýtt umhverfi lífeyrissjóða.“
   Erindi Ólafs Ísleifssonar lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
   Kaffihlé
3. Almenn ársfundarstörf
4. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
5. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík 18. maí 2009
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu, tillögur til samþykktabreytinga og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á www.lifeyrir.is

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

# KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 29 **Velta:** 1.082 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
262 **+1,01%**

**OMX ÍSLAND 6**
708 **+0,03%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ICELAND. GROUP** | 8,43% |
| **ATLANTIC PETROLE.** | 6,80% |
| **FØROYA BANKI** | 0,84% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR GROUP** | 11,02% |
| **MAREL FOOD S.** | 0,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,40 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +6,80% ... Bakkavör 1,05 -11,02% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 120,00 +0,84% ... Icelandair Group 4,50 +8,43% ... Marel Food Systems 60,70 -0,98% ... Össur 104,00 +0,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Eignast tvo þriðju í Teymi

Bankarnir eignast Teymi hf. að tveimur þriðju gangi eftir frumvarp um nauðasamning félagsins. Landsbankinn (NBI) eignast bróðurpartinn, 57,2 prósent, Straumur 7,8 prósent og Íslandsbanki 2,1 prósent.

Í fylgiriti með nauðasamningum Teymis kemur fram að skuldir félagsins í febrúarlok hafi numið rúmum 35 milljörðum króna og aðrar ábyrgðir rúmlega 7,3, samtals 42,4 milljörðum króna.

Eignir Teymis eru eingöngu eignarhlutir í dótturfélögum þess, en stjórnendur félagsins meta virði þeirra á bilinu 15,8 til 19,2 milljarða króna gangi nauðasamningurinn eftir.

NBI, sem er stærsti hluthafi félagsins gangi nauðasamningurinn eftir, hefur gengist undir að bjóða öðrum hluthöfum minnihlutavernd. Sem dæmi má nefna að NBI mun veita aðilum samkomulagsins rétt til að selja hlutabréf sín samhliða og á sömu kjörum og NBI komi til þess að NBI selji ráðandi hlut til ótengds þriðja aðila.

Kröfuhafar kjósa um samninginn næsta fimmtudag. **- óká**

# Icelandair í höndum ríkisins

Skilanefnd Landsbankans leysti í gær til sín 23,84 prósenta hlut Langflugs í Icelandair Group.



**FINNUR INGÓLFSSON**

Legið hefur í loftinu síðan í síðustu viku að svo kynni að fara, eða síðan Íslandsbanki tók hlut Máttar og Nausta í flugrekstrarfélaginu. Í báðum tilvikum var um veðkall að ræða og var innlausnarverðið það sama, 4,5 krónur á hlut.

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri, var stærsti hluthafi Langflugs en Gift, fjárfestingarfélag Samvinnutrygginga, átti afganginn.

Með veðkallinu í gær stýra nýju bankarnir og skilanefndir þeirra gömlu rúmlega 82,5 prósentum hlutafjár í Icelandair Group. **- jab**



**KYNNA TILLÖGUR** Markku Linna, áður ráðuneytisstjóri, og Christopher Taxell, fyrrum ráðherra og formaður samtaka atvinnulífsins í Finnlandi, fara yfir tillögur erlendrar sérfræðinganefndar til endurskipulagningar og úrbóta í menntamálum hér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Getum lært af reynslu Finna

## Sérfræðingar vara við niðurskurði í menntamálum. Breyta þarf stefnu og leggja áherslu á nýsköpun.

„Viðhaldið fjárfestingum í menntun á öllum skólastigum,“ segir í tillögum erlendra sérfræðinga á sviði mennta og vísinda sem kallaðir voru til eftir hrun fjármálakerfisins til að aðstoða við að móta menntastefnu til framtíðar.

Kallað er eftir mannauðsstefnu í menntamálum, þar sem áherslur yrðu mótaðar eftir þjóðarhag. Þannig gæti verið þörf á aukinni starfsmenntun, í stað þess að öllum fjöldanum sé beint í háskólanám.

Auk sérfræðinga Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) áttu sæti í nefndinni tveir Finnar með víðtæka reynslu úr atvinnulífi þar og enduruppbyggingu eftir finnska bankahrunið á níunda áratug síðustu aldar. „Starfstengda námið er sérlega mikilvægt til að tryggja nægt framboð af hæfu fólki á vinnumarkaði þegar kreppunni lýkur. Þetta þekkjum við frá Finnlandi,“ segir Markku Linna, fyrrum ráðuneytisstjóri í finnska menntamálaráðuneytinu.

Erlendu sérfræðingarnir leggja jafnframt til gagngera endurskoðun mennta- og rannsóknakerfisins með víðtækri fækkun og sameiningu háskóla. Þeir eru nú sjö, en verða tveir gangi tillögurnar eftir. Samkeppni og fjölbreytni verði þó tryggð með því að annar verði opinber og hinn einkarekinn. Þá eigi að halda útibúum skólanna á landsbyggðinni. Með þessu náist bæði fram hagkvæmni í rekstri og svigrúm til að bæta áherslur í bæði kennslu og rannsóknum. „Þá ætti að auka samkeppni um fjármögnun, til dæmis eftir árangri og aðsókn í einstök verkefni,“ segir Linna.

Í þriðja lagi er lögð til aukin áhersla á nýsköpun og þá á afmörkuðum sviðum með góðum vaxtarmöguleikum, í jarðhitavísindum og lífvísindum, auk skapandi greina (upplýsingatækni). **olikr@frettabladid.is**



MEISTARAVARNIR
VIÐ TÖLVUNARFRÆÐIDEILD HR
ALLIR VELKOMNIR

- TOPICS IN STRUCTURAL OPERATIONAL SEMANTICS
  miðvikudaginn 27. maí, kl. 10:00 - Arnar Birgisson
- SPONTANEOUS AVATAR BEHAVIOUR FOR SOCIAL TERRITORIALITY
  fimmtudaginn 28. maí, kl. 10:00 - Claudio Pedica
- GPU-BASED MARKOV DECISION PROCESS SOLVER
  miðvikudaginn 3. júní, kl. 10:00 - Ársæll Þór Jóhannsson
- AUKIN MÖRKUNARNÁKVÆMNI ÍSLENSKS TEXTA
  miðvikudaginn 3. júní, kl. 14:00 - Ida Kramarczyk
- SINGLE-AGENT SEARCH FOR SOLVING GENERAL-GAME-PLAYING PUZZLES
  föstudaginn 5. júní, kl. 10:00 - Gylfi Þór Guðmundsson

Allar varnirnar fara fram í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, Kringlunni 1, í stofu K5.

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík er stærsta og öflugasta tölvunarfræðideild landsins. Við deildina starfa sex öflug rannsóknarsetur sem stunda rannsóknir á alþjóðlegum vettvangi. Nemendur við tölvunarfræðideild HR vinna að raunhæfum verkefnum sem þjálfa fagleg vinnubrögð, auka þekkingu og skapa sterk tengsl við atvinnulíf og rannsóknarsamfélag. Eftirspurn eftir tölvunarfræðingum og hugbúnaðarverkfræðingum eykst stöðugt og mun aukast enn meira á næstu árum.

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík býður tveggja ára (120 ECTS eininga) framhaldsnám til MSc-gráðu í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og máltækni.

Nálgast má upplýsingar um námið á vef tölvunarfræðideildar HR, http://hr.is/td

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Ársreikningar – Rekstrarframtöl
Bókhaldsþjónusta

Getum enn bætt við okkur framtölum og fyrirtækjum í bókhaldsþjónustu. Lokadagur á skilum Rekstrarframtala er 31.maí nk, getum sótt um viðbótarfrest fyrir lögaðila.

fagbókun & ráðgjöf
www.fagbokun.is
Síðumúla 29 • Reykjavík • 561-3000

# Metsamdráttur í ríkjum OECD

Metsamdráttur var í ríkjum Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) á fyrsta fjórðungi 2009. Samdrátturinn nam 2,1 prósenti og er sá mesti frá því mælingar hófust árið 1960. Samdráttur á fyrri fjórðungi var ámóta, eða 2,0 prósent.

Landsframleiðsla í Bandaríkjunum féll um 1,6 prósent á fyrsta fjórðungi ársins, um 4,0 prósent í Japan og landsframleiðsla í evrulöndunum samanlögðum dróst saman um 2,5 prósent, eftir 1,6 prósenta fall á fyrra fjórðungi.

Af sjö stærstu iðnríkjum dró ekki úr hraða samdráttar nema í einu, en í Frakklandi var samdrátturinn 1,2 prósent. - óká

Mats Josefsson, bankasérfræðingur og ráðgjafi íslensku ríkisstjórnarinnar, í viðtali í sænsku dagblaði:

# Segir endurreisn íslensku bankanna verða dýra

„Hann á að bjarga efnahag Íslands.“ Þetta segir í fyrirsögn á viðtali við sænska ráðgjafann Mats Josefsson frá Uppsölum í Svíþjóð sem hefur unnið að endurreisn bankakerfisins og fjármálalífsins hér á landi síðustu mánuði.

Í viðtalinu kemur fram að Mats Josefsson hafi verið á leið í helgan stein þegar óskað var eftir aðstoð hans við að leysa efnahagsvandann hér á landi, sem sé einn sá alerfiðasti í öllum heiminum og það þó að kreppan hrjái líka önnur lönd. „Ekkert land í heiminum hefur lent jafn illa í því og Ísland og hvergi verður eins erfitt og dýrt að koma hagvextinum í gang aftur og auka trú á hagkerfinu,“ segir Josefsson í viðtalinu. „Ég hef tekist á við margar bankakreppur en enga eins og þessa á Íslandi.“

Mats Josefsson er þekktur fyrir að hafa tekist á við margar bankakreppur, ekki bara í Svíþjóð heldur líka í Asíu, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu. Hann segir að eftir einkavæðinguna hér árið 2003 hafi bankarnir byrjað að kaupa fyrirtæki út um allt. Ekkert þessu líkt hafi nokkru sinni átt sér stað.

Hlutabréfamarkaðurinn nífaldaðist, húsnæðisverðið þrefaldaðist, efnahagur fjölskyldnanna þrefaldaðist og ríkið fékk miklar tekjur. „Endurbygging bankanna verður að vera algjört forgangsverkefni. Til að atvinnulífið virki verður það að fá stuðning af bönkum sem virka. En það verður dýrt. Ég held að Íslendingarnir geri sér ekki grein fyrir hversu dýrt það verður, eða um 85 prósent af vergri landsframleiðslunni,“ segir Josefsson. - ghs



**MATS JOSEFSSON** Sænski bankasérfræðingurinn Mats Josefsson við kynningu á ráðleggingum sínum í febrúarbyrjun á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFFÁN



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR** Ráðherrar iðnaðar- og menntamála styrktu fyrir helgi Nýsköpunarsjóð námsmanna um 15 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Úthlutun til sumarstarfa

**Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur ákveðið að veita aukaúthlutun úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til 3. júní. Úthlutað verður um miðjan mánuðinn og aðeins tekið við rafrænum umsóknum.**

**„Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni,“ segir á vef Rannís, www.rannis.is.**

**Um mega sækja háskólanemar í grunn- og meistaranámi og svo sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir. „Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja,“ segir í auglýsingu um styrkina. - óká**

# Kaupþingi skipuð slitastjórn

Að beiðni skilanefndar Kaupþings hefur Héraðsdómur Reykjavíkur skipað slitastjórn fyrir Kaupþing banka í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, að því er fram kemur í tilkynningu skilanefndarinnar.



**STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON**

Slitastjórnina skipa Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, sem er aðstoðarmaður bankans í greiðslustöðvun, Davíð B. Gíslason héraðsdómslögmaður og Feldís L. Óskarsdóttir héraðsdómslögmaður.

Haft er eftir Steinari Þór Guðgeirssyni, formanni skilanefndar Kaupþings, að með skipun slitastjórnarinnar geti formlegt kröfulýsingarferli hafist. Skilanefnd Kaupþings muni áfram sinna því hlutverki sínu að vernda eignasafn bankans.

Slitastjórnin tekur þegar til starfa, en hún hefur heimild til að ákveða lengd kröfulýsingarfrestsins sem getur verið frá tveimur og upp í sex mánuði. Upplýsingar um kröfulýsingarferlið verða auglýstar og kynntar á upplýsingasíðu bankans, www.kaupthing.com. - óká



# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Hvatt til að viðhalda fjárfestingu í menntun:

## Verja verður grunnskólann

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Viðtekið er að menntun sé besta leiðin til að breyta heiminum,“ segir Christoffer Taxell sem fer fyrir nefnd alþjóðlegra sérfræðinga sem skipuð var í ársbyrjun um framtíð menntunar, rannsókna og nýsköpunar.

Í tillögum nefndarinnar er hvatt til þess að viðhaldið verði fjárfestingum í menntun á öllum skólastigum, ekki síst á grunnskólastigi þar sem grunnur er lagður að allri annarri menntun.

Þetta gengur raunar þvert á nýkynntar hugmyndir sveitarfélaganna þess efnis að stytta skólaárið um þá tíu daga sem bættust við það fyrir fáeinum árum og færðu þar með skólaár íslenskra grunnskólanema í átt til þess sem tíðkast meðal grannþjóða okkar.

Með erlendu sérfræðinganefndinni fæst reynsla, meðal annars frá Finnum sem í kjölfar efnahagshrunsins sem þar varð á níunda áratugnum lögðu áherslu á að styrkja menntakerfið í landinu.

Nefndin leggur einnig til að menntakerfið verði lagað að þörfum samfélagsins og bendir á að þörf gæti á aukinni starfsmenntun í stað þess að beina svo stórum hópi í háskólanám eins og hér tíðkast. Það sama gæti átt við um nám í framhaldsskólum þar sem höfuðáhersla er víðast hvar lögð á bóknám en verk- og listnám á undir högg að sækja.

Tillögur erlendu sérfræðinganefndarinnar þess efnis að hér starfi tveir háskólar í stað þeirra sjö sem nú starfa á landinu eru vissulega róttækar en hlýtur að sama skapi að teljast skynsamleg hjá þjóð sem aðeins telur liðlega 300 þúsund hræður.

Mikill vöxtur hefur verið í framboði á menntun á háskólastigi undanfarin ár. Hann hefur vissulega að mörgu leyti verið til góðs en ljóst er að nú er kominn tími til að straumlínulaga námsframboðið. Að sjálfsögðu getur samkeppni leitt til aukinna gæða en það hlýtur að teljast ofrausn að bjóða upp á nokkuð sambærilegt háskólanám í allt að fjórum skólum í svo litlu landi.

Þegar kreppir að og skera þarf niður er mikilvægt að huga vel að forgangsröðun. Menntun barna og ungmenna hlýtur að vera meðal þess sem halda verður hlífiskildi yfir. Grunnskólinn þarf að sjá nemendum fyrir góðri menntun sem nýtist til uppbyggingar samfélagsins. Um leið gegnir hann því hlutverki að vera ákveðið öryggisnet í óstöðugu samfélagi.

Frelsi og svigrúm ungs fólks til námsvals er vissulega mikilvægt. Hitt er jafnljóst að þegar út á vinnumarkaðinn er komið þá ræður eftirspurn en ekki framboð. Þess vegna hefur meðal margra þjóða tíðkast að beina fólki í nám þar sem ljóst er að vantar fólk til starfa og á sama tíma að reisa girðingar til að beina fólki heldur frá því námi þar sem vonir um störf eru minni. Þarna verður vissulega að fara með gát en þegar kreppir að hlýtur að teljast skynsamlegt að beina ungu fólki í nám sem það getur síðar nýtt sér á vinnumarkaði.

Menntun í samtímanum er lykill að velferð framtíðarinnar. Fyrir liggur að skera þarf niður í menntakerfinu, eins og annars staðar. Það ríður því á að forgangsraða þannig að sparnaðurinn komi ekki í bakið á samfélaginu síðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FORNBÓKAMARKAÐUR

26.MAÍ - 5.JÚNÍ

50% af öllum bókum.

ÚTIMARKAÐUR

á leikföngum þegar veður leyfir.

Opið 13 - 18. Langholtsvegur 42

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérstakt tilboðsverð

Leiður misskilningur er kominn upp um að Jóhann Kristjánsson, kosningastjóri Borgarahreyfingarinnar, hafi farið fram á ofurlaun fyrir störf sín. Málavextir eru þeir að kurr var í félagsmönnum á almennum félagsfundi á sunnudag þegar Jóhann lagði fram reikning sem hljóðaði upp á 7,7 milljónir fyrir störf sín í tveggja mánaða langri kosningabaráttu. Hins vegar tók Jóhann skýrt fram að hann færi ekki að fara fram á þessa fjárhæð í laun heldur væri hann reiðubúinn að veita 95 prósent afslátt af störfum sínum. Þannig að Jóhann fór alls ekki fram á nein ofurlaun. En hann kom þeirri skoðun skýrt áleiðis að hann ætti þau skilið.



### Glasstormur og týnt svið

Birgitta Jónsdóttir sagði átökin á fundinum vera til marks um gagnsæi Borgarahreyfingarinnar. Hún gerði enn fremur lítið úr krytunum og kallaði þau „storm í vatnsglasi“. Sem er býsna heppileg líking með tilliti til gagnsæisins.

Á þingi í gær tók Þór Saari hins vegar þátt í umræðum í efnahagsmál. Málflutningi sínum til stuðnings vísaði Þór meðal annars í fjármálastöðugleikasvið Seðlabanka Íslands. Á heimasíðu bankans er aftur á móti ekkert slíkt svið að finna. En það er kannski góð hugmynd að stofna það?



### Birkir spurull

Níu fyrirspurnir til ráðherra voru lagðar fram í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær. Af þeim lagði Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, fram átta. Meðal mála sem Birkir grennslaðist fyrir um voru Nýsköpunarsjóður námsmanna, niðurgreiðslur á rafmagni til kyndingar og fyrningarleið í sjávarútvegi. Níundu fyrirspurnina lagði Róbert Marshall, þingmaður Samfylkingarinnar, fram.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Þjóðarviljinn

Mér hefur stundum þótt prestar og prédikarar fara dálítið frjálslega með meint umboð sitt frá almættinu, þegar þeir staðhæfa að guð vilji þetta en alls ekki hitt. Einnig þegar orð meistarans eru túlkuð og útskýrð; þegar hann segir A á tilteknum stað í ritningunni, meini hann ekki aðeins A, heldur AB og jafnvel C. Síst er við hæfi að amast við útleggingu og túlkun þeirra sem gleggst þekkja texta og boðskap þessa rits, en við ber að þessar útleggingar fari grunsamlega nærri persónulegum fordómum og jafnvel pólitískum skoðunum þess sem í stólnum stendur. Við því er auðvitað ekkert að segja. Maður er það sem maður er, bæði í hempu og hempulaus. Enda var kirkjan lengst af mun uppteknari af siðaboðskap og vandlætingu en sannleikanum sem gerir mann frjálsan. Hún notaði vald sitt til að tukta og umbuna í samræmi við geðþótta þjóna sinna og veifaði óspart vendi tilbúinna synda við hvert tækifæri. Ekki eru margir sem hafa annað eins bakland í rökstuðningi og löggiltir þjónar kirkjunnar sem geta vísað í Krist og almættið máli sínu til staðfestingar. Hinu er ekki að neita að bæði hér á landi og annars staðar er býsna traustvekjandi að tala í nafni eigin þjóðar. Þetta hefur nú runnið upp fyrir öðrum hverjum Íslendingi og tekið yfir þjóðarsálina.



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Samstaða eða samruni

**Hvaða þjóð?**

„Hvar er þessi þjóð sem allir eru að tala um?“ sagði vitur og víðförull maður við mig í vikunni, og var nokkuð niðri fyrir. „Ég er farinn að hallast að því að við séum ekki þjóð,“ bætti hann við. „Upplifum okkur ekki sem þjóð, heldur sem nokkurs konar sérvitringahópa hingað og þangað um landið, þar sem hver hópur hefur sín sérkenni, bæði í útliti og skoðunum.“ Þessi maður er ekki einn um að vera ögn áttavilltir í yfirlýsingaregninu.

„Þetta er það sem þjóðin vill! Þetta er það sem þjóðinni fyrir bestu! Þjóðin kallar á aðgerðir! Þjóðinni er misboðið!“ Allt í einu er þetta orð að verða eins og hver önnur mantra, sem gripið er til í tíma og ótíma. Og vísast fylgir því sefjandi sjálfsánægja að standa og segjast vera málsvari þjóðarinnar og trúa því sjálfur. Verst að þessi sama þjóð finnur þessum orðum hvergi stað í daglegu lífi.

Er þetta ekki farið að minna örlítið á Bandaríkin, Rússland og Þýskaland fyrri tíma? Upphafning hópsins. Einhvers konar aðdragandi að því að allir sætti sig við skerðingu og skömmtun, af því að það er þjóðinni fyrir bestu. Allir verða að leggja sitt af mörkum með bros á vör. Eitt á yfir alla að ganga. Nema vondu kallana. Allt þeim að kenna.

Þó að hjarðhegðun á ýmsum sviðum sé orðin býsna áberandi hér á landi, finnst mér meira í okkar anda að taka á okkur þær byrðar sem nauðsynlegt er sem einstaklingar. Ekki hjörð. Eitt er að standa saman – annað að renna saman.

**Saman en sjálfstæð**

Auðvitað eigum við að hlúa að samstöðunni og treysta hvert öðru, bæði á erfiðleikatímum og endranær. Og við eigum að drekka í okkur fögnuðinn í fagnaðarerindinu og einnig í hverjum þeim fögnuði sem komandi tímar færa okkur. En fyrst og fremst vera við sjálf.

Bæði á erfiðleikatímum og hátíðarstundum er okkur tíðrætt um þjóðernið og þjóðina sjálfa. En mestu skiptir að hlúa að sérstöðu hvers og eins. Því eins og góður maður sagði einhvern tíma: „Þar sem allir hugsa eins, hugsar enginn mikið.“

Okkur er sagt að þrengingar séu rétt að byrja, bankar og fyrirtæki eru í eigu ríkisins, atvinnulífið vantar lífsmagn, hið opinbera leitar að sakargögnum með húsleitum sem maður hefur ekki kynnst nema í amerískum bíómyndum, við njótum hvergi trausts, og það eina sem við getum treyst, er að það er engu að treysta.

En það er komið sumar! Loksins. Og það er allt kvikt af listviðburðum af öllu tagi, um allt land. Sjálf mæli ég alveg sérstaklega með sýningu Safnahússins í Borgarnesi: Börn í hundrað ár. Hún er einstök. Og þar birtist manni íslensk þjóð fyrr og síðar í eðlilegu umhverfi, og finnur allt í einu hvað það er nú gaman að vera Íslendingur, þrátt fyrir allt.

## Hvað borgar þú í fasteignaskatt?

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Guðmundsson skrifar um fasteignagjöld þjóðkirkjunnar



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

Þeir sem eitthvað hafa kynnt sér trúarbrögð eru fljótir að sjá að gvuð kann illa að fara með peninga. Gvuð ríkiskirkjunnar, sem gárungarnir kalla þjóðkirkju, er þar í engu undanskilinn, en hins vegar eru umboðsmenn hans hérlendis annálaðir fjáraflamenn og njóta velvildar alls staðar þar sem þeir bera niður. Hér rétt um daginn komst ég að því að musteri téðs ríkisgvuðs eru undanþegin ýmsum gjöldum, sem annars eru lögð á fasteignir lítilsigldari persóna.

Í Reykjavíkurprófastsdæmunum tveimur (eystra og vestra) telst mér til að séu 16 kirkjur innan Reykjavíkur og eru safnaðarheimili við sumar þeirra. Fasteignamat þessara hátimbruðu mustera losar 6 milljarða króna og lóðamatið er um 600 milljónir. Ætti ég prívat og persónulega öll þessi herlegheit mundi ég greiða af þeim rúmlega 100 milljónir í fasteignagjöld og rúmar 6 milljónir í lóðagjöld. En af því að gvuð á allt saman er ekki greidd ein einasta króna af öllu klambrinu. Umboðsmennirnir hafa nefnilega komið því svo haganlega fyrir að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga (nr. 4/1995) eru gvuðshús undanþegin fasteignagjöldum og lóðagjöldum. Í eldri lögum (nr. 91/1989) um tekjustofna sveitarfélaganna voru skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús og bókasöfn reyndar einnig undanþegin þessum gjöldum, en þar sem stjórnendur slíkra stofnana kunna ekkert með peninga að fara, voru þær settar út af sakramentinu við endurskoðun laganna 1995.

Ríkiskirkjum Reykjavíkur dugar reyndar illa þessi eftirgjöf gjaldanna því jafnan þegar dytta þarf að musterum er enn seilst í vasa skattborgaranna og grenjaðir út aurar til viðhalds virðingunni. Ein ljótasta og viðhaldsfrekasta bygging Reykjavíkur, Hallgrímskirkja, er gott dæmi um þetta. Þar er nú enn og aftur verið að gera við stöpulinn undir kross meints frelsara mannkyns fyrir nokkur hundruð milljón kall, sem kemur beint úr vasa skattgreiðenda. Eins þurfti að malbika bílastæði undir báða bíla messugesta annarrar kirkju fyrir 70 milljónir og var Reykjavíkurborg svo elskuleg að aðstoða við malbikið.

Á meðan þessu vindur fram eru fjármál flestra landsmanna á leið til andskotans, en þá er nú gott að geta leitað athvarfs í gjaldfrjálsu musterinu hans gvuðs.

*Höfundur er greiðandi fasteignagjalda í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nútíma fordómar

UMRÆÐAN

Björn Lárusson skrifar um fordóma

Þegar öllu er á botninn hvolft erum við e.t.v. ekki eins umburðarlynd og við viljum vera láta. Ef skoðanir okkar fylgja ekki fjöldanum eru þær fordæmdar og álitnar undarlegar; í besta falli erum við talin fáfróð. Þeir sem eru t.d. ekki samþykkir því að flóttamenn sem hingað koma fái hér hæli eru stimplaðir rasistar eða fullir mannvonsku. Þeir sem af einhverjum ástæðum, t.d. trúarástæðum, vilja ekki hjónabönd samkynhneigðra eru sagðir brjóta mannréttindi. Stundum göngum við svo langt að fordæma þá sem kjósa aðra stjórnmálaflokka en þann eina rétta. Fylgjendur ESB eru sakaðir um landráð og andstæðingarnir forpokað afturhald. Fylgjendur kvótakerfis eru arðræningjar og andstæðingarnir niðurrifsmenn. Þingmenn eru upp til hópa latir eiginhagsmunaseggir eða vinnuþjarkar í þágu umbjóðenda sinna. Þeir sem vilja virkja og selja orkuna til útlanda í formi vöru eru náttúrusóðar en þeir sem eru á móti eru afturhaldssamar grasætur. Þannig erum við dregin í dilka og rétturinn til að hafa þá skoðun er fótum troðinn.



BJÖRN LÁRUSSON

Ég er á móti því að flóttamenn sem hingað flýja undan réttvísi eigin lands fái hæli. Hinir mega gjarnan koma mín vegna. Ég er andvígur kirkjulegri vígslu homma og lesbía en þau mega mér að meinalausu vera í skráðri sambúð sem gefur þeim sama rétt og hjónum. Ég kýs Framsóknarflokkinn en stend þeim sem kjósa aðra flokka ekki reikningsskil á því af hverju ég geri það. Ég er hlynntur aðild að ESB en frábið mér landráðastimpil vegna þess. Ég er andvígur kvótakerfinu vegna þess að ég tel það ekki þjóna hagsmunum allrar þjóðarinnar. Ég trúi að þingmenn vinni af heilindum eins og 99% þjóðarinnar. Ég er hlynntur virkjunum og sölu orkunnar til útlanda vegna þess að ég vil nýta gæði landsins. Það gefur engum rétt á að kalla mig umhverfissóða.

Ég hef RÉTT á þessum skoðunum og aðrir hafa RÉTT á því að vera ósammála mér. Ég fordæmi ekki andstæðar skoðanir en vil gjarnan rökræða þær. Ég frábið mér hins vegar að að vera fordæmdur fyrir skoðanir mínar. Ég er ekki fáfróður, undarlegur eða fordómafullur frekar en þeir sem eru á öndverðum meiði. Ég vil ræða málin með virðingu fyrir skoðunum annarra en ekki með upphrópunum.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*


# INNKÖLLUN

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 3. mars 2009 var heimild Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 16, 101 Reykjavík til greiðslustöðvunar, sem upphaflega var veitt þann 5. desember 2008, framlengd til fimmtudagsins 26. nóvember 2009. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 hefur Héraðsdómur Reykjavíkur skipað bankanum slitastjórn sem hefur meðal annars með höndum meðferð krafna á hendur bankanum meðan á greiðslustöðvun stendur og eftir að slitameðferð hefst að lokinni greiðslustöðvun.

Frestdagur er 15. nóvember 2008. Upphafsdagur kröfumeðferðar miðast við gildistöku laga nr. 44/2009 og er 22. apríl 2009, sbr. nánar 1. mgr. og 2. málsliður 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til hvers kyns skulda eða annarra réttinda á hendur Landsbanka Íslands hf. eða eigna í umráðum bankans, að lýsa kröfum sínum fyrir slitastjórn bankans innan sex mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar hinn 30. apríl 2009. Samkvæmt því er síðasti dagur til þess að lýsa kröfu hinn 30. október 2009. Kröfulýsingar skulu sendar bréflega til slitastjórnar bankans að Austurstræti 16, 101 Reykjavík og skal efni þeirra vera í samræmi við fyrirmæli 2. og 3. mgr. 117. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Vegna áðurnefndra ákvæða 1. mgr. og 2. málsliðar 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009, er því beint til kröfuhafa að í kröfulýsingu komi fram staða kröfu þann 22. apríl 2009.

Kröfum í erlendri mynt skal lýst í viðkomandi mynt. Kröfuhöfum frá aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins eða Fríverslunarsamtaka Evrópu er heimilt að lýsa kröfum á tungumáli heimalands síns. Slíkum kröfulýsingum skal fylgja íslensk þýðing en þó er heimilt að lýsa kröfu á ensku án þess að þýðing fylgi. Aðrir kröfuhafar geta lýst kröfum sínum á íslensku eða ensku.

Sé kröfu ekki lýst innan framangreinds frests gilda um það sömu réttaráhrif og um vanlýsingu kröfu skv. 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 og telst hún því fallin niður gagnvart Landsbanka Íslands hf. nema undantekningar í 1.–6. tölulið lagaákvæðisins eigi við.

Sérstaklega er áréttað að með því að lýsa kröfu sinni telst kröfuhafi hafa fallist á brottfall þagnarskyldu (bankaleyndar) að því er varðar viðkomandi kröfu.

Kröfuhafafundur mun haldinn mánudaginn 23. nóvember 2009, kl. 09:00, að Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Rétt til setu á fundinum eiga þeir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum. Á fundinum verður fjallað um skrá um lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar að því leyti sem hún liggur þá fyrir. Skrá um lýstar kröfur verður aðgengileg þeim sem lýst hafa kröfum á hendur bankanum að minnsta kosti viku fyrir framangreindan fund.

Framangreindur fundur er jafnframt haldinn til umfjöllunar um greiðslustöðvun Landsbanka Íslands hf. í samræmi við ákvæði III. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Samkvæmt framangreindum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur mun umfjöllun um greiðslustöðvun bankans tekin fyrir í dóminum að nýju þann 26. nóvember 2009 kl. 13:30 í dómsal 102.

Nánari upplýsingar um kröfulýsingar og meðferð krafna munu gerðar aðgengilegar á heimasíðu bankans, www.lbi.is. Beinir slitastjórn þeim tilmælum til kröfuhafa að upplýsa um tölvupóstfang sitt eða umboðsmanns síns í kröfulýsingu til að auðvelda miðlun upplýsinga.

Reykjavík 30. apríl 2009.
Slitastjórn Landsbanka Íslands hf.
Kristinn Bjarnason hrl.
Halldór H. Backman hrl.
Herdís Hallmarsdóttir hrl.

Landsbanki Íslands hf.
Slitastjórn | Winding-Up Board



Nú er 20% afsláttur
af Lux útiljósum í maí

Í maí bjóðum við upp á lýsingaráðgjöf fyrir garðinn ....þér að kostnaðarlausu.
Sendu tölvupóst á radgjof@lumex.is og við gefum þér tíma hjá ráðgjöfum okkar.

Opið alla virka daga frá 9 - 18.

Lumex I Skipholti 37 I Sími 568 8388 I www.lumex.is

LUMEX




# Hugleiðing um leikdóm

**UMRÆÐAN**

Kristín Ómarsdóttir skrifar um leikdóm Elísabetar Brekkan

Ég gekk hlæjandi inní útrýmingarbúðirnar og kom mér hlæjandi fyrir undir sturtuhausnum í gasklefanum, það var geðveikt fyndið, ég var ein á meðal annarra og ég blés á dauðann. Enda kem ég frá Íslandi, landi hinna góðhjörtuðu sem fótgangandi og án raforku draga vagn hinna ríku og hafa af því hreinan unað – af því – lífið er fyrst og fremst fyndið. Líka á meðan hangið er í ólinni, eða snörunni, eða hvort segir maður? Stanslaust stuð, fjör að eilífu. Ég býð stóru köllunum að flengja mig ókeypis, og ég borga þeim líka fyrir það, og þá má ég líka flengja útlendinga og þá sem ég tel verr setta en mig. Hlæjum saman – ha, ha, ha – afþvíað lífið er hvort eð er bæði fyndið og vonlaust og innst inni þráum við að deyja; fínt að láta aðra sjá um aftökuna afþvíað þannig verðum við stikkfrí og börnin geta hefnt okkar. Ha, ha, ha! Það var níðst á mér og þess vegna hef ég leyfi til að níðast á öðrum. Fyrir þetta fagra land, fögru og óspilltu náttúru og hreinleika tungunnar dey ég – mér blæðir út af hreinræktaðri ást! Ég er fótgönguliði í fremstu víglínu hers bankamanna og ljósleitra og mynduglegra útrásarvíkinga. Þetta er fórnarkostnaðurinn: – ég!“


KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR

Svona myndi íslenskt skáld kannski reyna að skrifa inní leikrit til að geðjast gagnrýnanda Fréttablaðsins, Elísabetu Brekkan, sem biður um „meiri húmor í heildina“ í leiksýninguna Orbis Terræ Ora sem fram fer í Þjóðmenningarhúsinu á Listahátíðinni í Reykjavík þetta vorið.

Ósk gagnrýnanda Fréttablaðsins um húmor í sýninguna Orbis Terræ Ora er eflaust til marks um kröfu þessa áratugar: hlæjum – okkur í hel! Hlæjum og sýnum hvorki neikvæðni né biturð á meðan við erum leidd grunlaus til sláturhúss. Hlæjum bara sátt á meðan menn gerast auðkýfingar með því að fífla okkur afþvíað hláturinn er besta meðalið. En ég á bara bágt með að skilja hvað hlátur á upp á borð í sýningunni í Þjóðmenningarhúsinu og geri ekki kröfu um húmor í leikrit sem fjallar um flóttamannabúðir, stríð, nauðganir, fasisma, afþví ég vil ekki sitja þeim megin við borðið og hlæja með bóndanum sem í gegnum kíki sinn horfir á litlu lömbin. Þó hló ég oft gagntekin af leikritinu inní leikritinu, límd við glerrúðuna sem áhorfandinn horfir í gegnum á fimm leikkonur og einn leikara flytja atriði sem bauð uppá það sem leikhús býður: húmor, alvöru, dramatík, frábæran leik, frábæra leikmynd og búninga og frábæran texta. Atriðið færði mér aftur frumefnin í leikhúsinu, það sem kveikir manni ævilanga ástríðu fyrir fyrirbærinu leikhús. Þetta sama atriði hunsar gagnrýnandi Fbl í umfjöllun sinni og gerir lítið úr, án röksemda: atriði þar sem leikkonurnar fara á kostum. Augljóslega deili ég ekki smekk með gagnrýnandanum.

Þá skil ég ekki hvernig gagnrýnandi Fbl getur ekki tengt sýninguna í Þjóðmenningarhúsinu við óteljandi atriði úr okkar samtíð, svo mörg eru þau að manni sundlar við tilhugsunina og tvístígur dálítið. Líkt og ævintýrið um Hans og Grétu er saga þar sem raunveruleikinn er ýktur, uppblásinn, Eraserhead eftir David Lynch er saga þar sem raunveruleikinn er ýktur, uppblásinn; raunveruleikinn sinnum 3; þá er sýningin í Þjóðmenningarhúsinu samtími okkar sinnum 0,7 – sinnum 1,5. Við þekkjum dæmin allt í kring:

Við erum beðin um kennitölu í efnalaugum og vídeóleigum, í leikhúsum jafnvel, þegar við kaupum miða á tónleika. Hópur fólks fer inní mannautt hús, það er rekið þaðan út með vopnum og valdi. Orðið mannauður er notað óspart í fréttatímum, ritgerðum og greinum og orðið minnir mann ekki lítið á gullið í tönnunum. Rúmlega 600 manns hafa leitað pólitísks hælis á Íslandi á síðustu x árum og aðeins einn hælisleitandi hefur fengið hæli – á hvað minnir það? Og hvar eru hinar rúmlega sexhundruð manneskjur mínus ein staddar núna þegar þetta er ritað? Nokkrir tónlistarmenn voru reknir úr landi fyrir að spila á harmonikku niðri í Austurstræti nokkur sumarkvöld – á hvað minnir það mann? Hvert færu íbúar þessa fagra lands þegar þar að kæmi?

Ég hvet alla til að sjá sýninguna í Þjóðmenningarhúsinu, sérstaklega ungt fólk.

*Höfundur er skáld.*

Félag framóknarkvenna í Reykjavík boðar til almenns stjórnmálafundar.

**Skuldastaða heimilanna**
**Opinn fundur í Gyllta salnum - Hótel Borg,**
**miðvikudaginn 27. maí kl. 12.00.**

Gestur fundarins er: Björn Þorri Viktorsson, hæstaréttarlögmaður
Léttur hádegisverður 1.500 kr.

*Allir velkomnir – Kv.Stjórnin*

# Jafnvægi og takmörk

**UMRÆÐAN**

Björn Birnir skrifar um íslenska stjórnarskrá


BJÖRN BIRNIR

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur ríkisstjórn Íslands lagt fram lög um stjórnlagaþing sem hefði það hlutverk að semja nýja stjórnarskrá fyrir íslenska lýðveldið. Það er eðlilegt að taka mið af stjórnarskrám annarra landa við samningu nýrrar stjórnarskrár.

Eitt atriði sem oft er bent á er að þrískipting valdsins sem er aðalatriði í mörgum stjórnarskrám hafi skort á Íslandi og það hafi að einhverju leyti leitt til hrunsins. Í stjórnarskrá Bandaríkjanna frá 1789 er gert ráð fyrir þrískiptingu valdsins í framkvæmdavald sem er falið forsetanum, löggjafarvald sem þingið ræður og dómsvald sem dómskerfið fer með og hægt er að áfrýja allt til hæstaréttar. Það voru gildar ástæður fyrir þessari þrískiptingu. Þeir sem sömdu stjórnarskrána höfðu búið við ofríki konungs sem ríkti með hervaldi og beitti þingi og dómurum til að kúga nýlendur sínar. Þeir vantreystu valdinu og vildu ekki aðeins deila því niður því heldur voru þeir staðráðnir í að ganga þannig frá málunum að engin grein valdsins gæti ríkt yfir annarri og í ákvörðunum í öllum málum væru innbyggð takmörk og jafnvægi (checks and balances, á ensku) milli valda þriggja.

Það má halda að kerfi þar sem jafnvægi og takmörk eru tryggð í öllum málum sé seinvirkt og óskilvirkt. En það er yfirleitt aðeins tilfellið meðan kerfið er að venjast. Von bráðar vita handhafar hvers valds nákvæmlega hvar takmörk valds þeirra liggja og hvers jafnvægis þeir verða að gæta. Þegar takmörkin eru skýr þá er sjaldnar farið of langt og þegar jafnvægis er gætt þá er yfirleitt lítil óánægja með ákvarðanatökuna. Þrískipting valdsins er ekki háð því hvort forseti skipar stjórn eins og í Bandaríkjunum eða hvort þing kjósi forsætisráðherra eins og í þingræði sem við höfum á Íslandi.

Hins vegar krefst góð þrískipting valdsins þess að forsætisráðherra og stjórn sitji ekki á þingi. Það eru mjög greinileg ákvæði um þetta í bandarísku stjórnarskránni og reynsla Íslendinga sýnir að framkvæmdavaldið getur auðveldlega borið löggjafarvaldið ofurliði. Þess er óskandi að íslenskt stjórnlagaþing nái að skrifa nýja stjórnarskrá þar sem þrískipting valdsins er tryggð og jafnvægi og takmörk byggð inn í alla beitingu á hinu þrískipta valdi. Hin nýja stjórnarskrá gæti orðið til fyrirmyndar um mannréttindaákvæði, ákvæði um löghelgi persónulegra upplýsinga sem ná líka til líffræðilegra og erfðafræðilegra upplýsinga og ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda á tölvuöld. Endalega skiptir mestu máli hvernig hin nýja stórnarskrá virkar í framkvæmd.

Það sem ef til vill skiptir mestu í samfélaginu er hvort lýðræði er ástundað á öllum stigum samfélagsins og hvort nemendum séu kenndar lýðræðislegar aðferðir á öllum þrepum skólakerfisins. Íslendingar hafa talið sig búa við lýðræðislegar hefðir en reynsla undarfarins árs bendir til þess að lýðræðisþróun samfélagsins hafi ekki verið jafn mikil og við töldum. Lýðræði með jafnvægi og takmörkunum býður upp að samkomulag um mörg mál og þau mál sem þarf að greiða atkvæði um eru oftast í minnihluta.

*Höfundur er prófessor.*

**VILTU LÆRA AÐ SIGLA Í SUMAR?**



BROKEY

Í sumar mun Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur, bjóða upp á skemmtileg siglinganámskeið og æfngar fyrir börn og fullorðna.

Börn og unglingar:
Fimm daga siglinganámskeið sem fram fer í Nauthólsvík og er fyrir krakka á aldrinum 10-15 ára.
Námskeiðin standa yfir á milli kl.13:00-16:30 alla virka daga.

Fullorðnir:
Skemmtilegt þriggja kvölda siglinganámskeið þar sem kennt er á 26 feta seglbát. Farið er yfir það helsta sem hásetar á seglbát þurfa að kunna.

**Skráning stendur yfir á www.brokey.is**
Nánari upplýsingar í síma 8951551

# „Alcoa mútar embættismönnum…“

**UMRÆÐAN**

Þorfinnur Guðnason svarar forstjóra Alcoa á Íslandi


ÞORFINNUR GUÐNASON

Svona hljómaði helstið á RÚV og Stöð 2 fyrir nokkrum árum og vísaði til þess að Alcoa var sakað um að múta embættismönnum í Barein. Þetta kom fram sem hljóðrás í myndinni Draumalandinu og er í eina skiptið sem orðið mútur heyrist í henni. En í stuttri grein hér í Fréttablaðinu notar Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa, orðið mútur fjórum sinnum til að útskýra og um leið misskilja umfjöllun okkar um ráðningu Guðmundar Bjarnasonar, fyrrverandi bæjarstjóra Fjarðabyggðar, til Alcoa. Hann notar ljót orð til að lýsa myndinni: rógburður, mútuþægni, dylgjur, aðdróttanir, lítill sómi, ljótasti, samsæriskenningar. Á móti stillir hann upp fallegum orðum sem tákna Alcoa og Guðmund Bjarnason; fengur, reynsla, farsælan, fjárfesta, sterk, þekkingu, verðmæta, forystu, stjórnanda.

Í myndinni kemur hvergi fram að höfundar telji að bæjarstjóranum hafi verið mútað þegar hann var ráðinn til starfa hjá Alcoa. Samt staglast forstjórinn á þessu ljóta orði. Ekki dettur mér í hug að Alcoa múti embættismönnum á Íslandi þótt fyrirtækið noti e.t.v. svoleiðis meðul þar sem það á við, t.d. í Barein.

Persónulega finnst mér það taktlaust að ráða Guðmund til Alcoa um leið og verkefnið var í höfn – svo notuð séu orð forstjórans. Og hvert er starf bæjarstjórans fyrrverandi hjá Alcoa? Jú, hann á að kynna stefnu Alcoa í samningum við aðra bæjarstjóra um nýtt álver á Bakka. Og kannski á Grænlandi? Aðspurður hvort það verði ekki erfitt fyrir önnur sveitarfélög og Íslendinga að semja við Alcoa um nýtt álver þegar fyrirtækið hefur innanborðs einn helsta sérfræðing á þessu sviði, þ.e.a.s. Guðmund, svarar bæjarstjórinn: „Nei, þau þurfa ekkert að óttast – við erum svo lítil (þ.e. hin íslenska þjóð) og fyrirtækið er svo velviljað.“ Einmitt. Og þessu trúa sveitarstjórnarmenn í Þingeyjarsýslu og þiggja góð ráð frá Alcoa í gegnum bæjarstjórann fyrrverandi. Eða eins og einn sagði: „Það er gott að hafa Guðmund til að gefa okkur ráð um það hvernig við eigum að haga okkur gagnvart Aloca.“

Guðmundur sagði okkur líka frá því að eitt skilyrði fyrir því að álverið reis á Reyðarfirði á sínum tíma hafi verið það að sveitarfélögin sameinuðust. Það kemur líka fram í myndinni að forstjóri Landsvirkjunar og Valgerður Sverrisdóttir gantast með það að kjördæmi hennar hafi verið stækkað til suðurs, og að allar reglur hafi verið brotnar, svo Alcoa gæti reist tvö álver í hennar kjördæmi.

Alþjóðlegt stórfyrirtæki eins og Alcoa verður hugsanlega búið að plassera tveimur álverum í eitt kjördæmi eftir einhvern tíma. Það verður þá stærsti vinnustaðurinn í kjördæminu, sem fáir stjórnmálamenn sem þaðan koma vilja styggja. Og hugsanlega vill það stækka verksmiðjur sínar einhvern tímann í framtíðinni. Þá getur þetta stóra fyrirtæki haft mikil áhrif, t.d. í orku- og skipulagsmálum. Þá er líka gríðarlegur fengur fyrir Alcoa að hafa á sínum snærum mann eins og Guðmund sem er með verðmæta reynslu í sveitarstjórnarmálum – svo notuð séu orð forstjórans. Svo einfalt er það.

*Höfundur er leikstjóri.*

Bragðgóð nýjung

Fjörostur

Prófaðu nýja bragðgóða Fjörostinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.



aðeins 9%

Ríkur af mysupróteinum












Hjólabrettaiðkunin verður yfirleitt fyrirferðarmeiri á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á brettum árið um kring

**Brettamennska á hug Lindu Bjarkar Sumarliðadóttur allan og er hún jafnvíg á brimbretti, snjóbretti og hjólabretti. Hún lætur árstíðirnar ekki trufla sig og fer á snjóbretti á sumrin og brimbretti á veturna.**

Linda Björk Sumarliðadóttir, formaður Brettafélags Íslands, stundar brettamennsku allan ársins hring og skiptir hæglega á milli brimbretta, hjólabretta og snjóbretta. Hana hafði langað til að eignast snjóbretti frá unglingsaldri en byrjaði þó ekki að renna sér fyrr en um tvítugt. „Um tveimur árum seinna fór ég svo að prófa hjóla- og brimbretti og hef stundað þetta síðan.“

Þótt ótrúlegt megi virðast þá fer Linda á snjóbretti langt fram á sumar og skellir sér jafnvel á brimbretti um miðjan vetur. „Það er ekkert sem segir að það þurfi að leggja brettunum á ákveðnum árstímum og er bara hægt að leita aðstæður til að stunda áhugamálið uppi. Við hjá Brettafélagi Íslands erum til dæmis að fara á Snæfellsjökul um hvítasunnuhelgina þar sem ætlunin er að sameina útilegu og snjó- og brimbrettaiðkun. Síðan er stefnan tekin í Kerlingarfjöll í byrjun júlí með tjaldið í annarri og snjóbrettið í hinni.“

Linda segir auk þess vel hægt að fara á brimbretti um miðjan vetur þó að það sé ekki beinlínis í uppáhaldi hjá henni sjálfri. „Ég fór síðast í tíu gráðu frosti sem var nú ekkert sérstakt.“ Brimbrettaæfingarnar fara aðallega fram við Grindavík, Stóru-Sandvík og í Þorlákshöfn þótt Linda hafi líka mjög gaman af því að fara til útlanda og „surfa“ í heitum sjó.

Hjólabrettin er hægt að taka fram hvenær sem er en innanhússaðstaða er í Héðinshúsinu þar sem fólk æfir sig allan ársins hring. Þau eru þó vitanlega mest áberandi á sumrin.

Linda segir mun fleiri stráka stunda brettamennsku en stelpur en finnst þó einhver vakning á meðal stelpna. „Við héldum stelpu-session um daginn og var bara þó nokkur fjöldi sem kom til að prófa.“

En er þetta ekki hættulegt? „Þessa spurningu fæ ég reglulega,“ segir Linda mæðulega hefur þó svarið á reiðum höndum: „Þetta er ekkert hættulegra en aðrar íþróttir en auðvitað eru sumir óheppnir. Það sem mestu máli skiptir er að ýta hæfilega á sig en fara þó ekki fram úr sér.“ *vera@frettabladid.is*






# HEILSA

**SLYS** árið 2008 voru 41.993 segir í Slysaskrá Íslands. Flestir slasast í heima hjá sér og á frítíma eða um 42,5 prósent, næstflestir í vinnuslysum 20,8 prósent. Karlmenn virðast lenda mun oftar í slysum en konur og voru, af hinum slösuðu, um sextíu prósent en konur um fjórutíu.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**28. maí Hvað er málið með aukakílóin?**
*Matti Ósvald heilsufræðingur*

**02. júní Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*





FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti

NÝTT
Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
System kr. 29.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefjast 2 Júní n.k.

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.

STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR



Hjúkrunarfræðingur

Handlæknastöðin í Glæsibæ óskar eftir skurðhjúkrunarfræðingum eða hjúkrunarfræðingum með reynslu af skurðstofustörfum í 50% til 100% stöður.

**Umsóknum skal skilað fyrir 7. júní á netfangið box@frett.is merkt: "Skurðstofa".**



**Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík**

Örfá sæti laus í ferð á Snæfellsnes
17. - 18. júlí og um Suðurland

4. - 7. sept. nk. Skráning í s. 551-2617
kl. 16:30 -18:00
mánud. - miðvikud. nk. eða
í s. 864-2617.

**Nefndin**



VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"




Kolbrún er að þróa náttúrulega sólarvörn úr sea-buckthorn-olíu, en hún notar örlítið af henni í blöndurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Engin kemísk efni á húð

**Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir bendir á að það sem við getum borðað eigum við setja á húðina. Í ísskápnum leynast nefnilega nærandi efni sem húðin þarf á að halda til að viðhalda fallegri áferð.**

„Það þarf að gera ýmislegt innan frá svo húðin sé vel nærð," segir Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir sem orðin er vel þekkt fyrir að fræða fólk um undur náttúrulegra jurta.

„Mín reynsla er að hörfræolían virki best innvortis til að næra húðina innan frá," segir Kolbrún sem mælir líka með Omega 3 fitusýrum.

Í Jurtaapótekinu hjá Kolbrúnu við Laugaveg 2 er mikið úrval af náttúrulegum húðvörum sem innihalda olíur, ilmkjarnaolíur, aloevera-safa, salt, þara, leir og hreinar jurtir. „Þetta eru allt efni sem við getum borðað," bendir hún á og ítrekar að á húðina eigi einungis að setja þau efni sem náttúran þekkir, en ekki nein kemísk efni. „Þau sitja bara í húðinni og oft loka þau henni."

Kolbrún segir um andlitskremin sem fást í Jurtaapótekinu: „Þessar blöndur gera alveg heilmikið fyrir húðina. Þær eru blandaðar með alls kyns olíum, til dæmis möndluolíu og öðrum grunnolíum og eru ýmsar ilmkjarnaolíur settar saman við, auk aloevera-safans sem gefur blöndunni þann raka sem með þarf."

En hvað er hægt að nota úr ísskápnum á húðina? „Allt sem þú getur borðað nema fisk og kjöt," segir Kolbrún sem beinir þeim tilmælum til þeirra sem eru með viðkvæma húð að fara varlega og prófa sig áfram á handarbakinu.

„Með því að setja baunir, frækorn og hnetur í kaffikvörn ertu komin með líkamsskrúbb," nefnir Kolbrún sem dæmi. En hvað með þarann? „Hann virkar vel á bólur og hefur afeitrunaráhrif. Þarinn inniheldur mikið af slímefnum, sem eru fjölsykrur sem græða og mýkja, þess vegna er svo gott að fara reglulega í þarabað."

Vissulega hefur stress neikvæð áhrif húðina en slökun og góður svefn hefur góð áhrif. Kolbrún líkir þessu stóra líffæri, húðinni, við plöntu sem þarf að vökva vel og reglulega með vatni svo hún nærist vel að innan sem utan.

*vala@frettabladid.is*

## UPPSKRIFT AF MASKA

1 msk. þari
2 tsk. leir
2 msk. hreint jógúrt
1 msk. hunang
1 egg (má sleppa)

*Vatn blandað saman við svo úr verði þykkt mauk.*

*Látið þorna í 10-15 mínútur.*

*Hvítan í egginu hentar vel á bólur og rauðan hefur mjög nærandi áhrif og hentar vel fyrir eldri húð.*



Þarinn mýkir og græðir húðina og er notaður mikið bæði á andlit og líkama. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Þú getur gert kraftaverk

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

### Gámur-Kofi
Vill einhver losna við lítinn kaffiskúragám með glugga? (ca. 25 fet.) Eða lítinn sumarbústaðaskúr fyrir lítinn pening. Hafið samband í s. 892 2365.

Óska eftir stóru fiskabúri helst með hreinsibúnaði. Uppl. í s. 863 0911.

Óska eftir ódýru! Bíllyfta burðargeta helst 3 tonn. Dekkjavél. Balleseringavél. Skoða allt. Uppl. í s. 895 3534.

Óska eftir vel með förnu 26" fjallahjóli á sanngjörnu verði. Hringið í síma 848-3838, sveinn eða hafið samband á netfangið vsr@simnet.is

## Hljóðfæri




### Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Óska eftir flygli. Uppl. í s. 894 0135.

## Tölvur

### Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga

### Byggingarefni
Útsala á byggingarefni, allt til húsasmíði, allt á að seljast. S. 845 0454.

Óska eftir ca. 300 m2 af nýju bárujárni. Litur skiptir ekki máli. Sími 699 1180.

## Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183, www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Frábært nudd, fantastic massage. S. 692 2352.

### Tantric Massage of Sacred touch
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

### Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

## Námskeið




### AM/PM ! ICELANDIC & ENGLISH CONVERSTAION
Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or 18-19:30 start:8/6. Level II: 7w: Md,Wd,Fr, 20-21:30 or 13-14:30 st: 30/6 Level III: 4w: Md to Fr; 13-14:30: st: 8/6. Level IV: 10w: Tue,Thu; 20-21:30: st: 8/6. ENGLISH CONVERSATION: 2 weeks: Md-Frid 18-19:30: start 25/5, 8/6, 22/6, 6/7, Ármúli 5, s.5881169-www.icetrans.is/ice

Hlaupanámskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Nánari upplýsingar á hlaup.is.

## Ökukennsla

**Ökukennsla. Kenni allan daginn alla daga. Akstursmat og endurtökupróf. S. 893 4515.**

## Húsgögn

Verðum að rýma! Tilboð óskast í ósótt viðgerð og afsýð húgögn. Kommóður, kistur og fleiri húsgögn. S. 897 5484 & 897 3327.

rafmagnsrúm til sölu, 40.þús. er eins og nýtt. uppl. 693-7942

## Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

## Dýrahald

Óska eftir stóru fiskabúri helst með hreinsibúnaði.Uppl. í s. 863 0911.

Óska eftir ódýrum k.k. blendings hvolpi helst labrador uppl. simi 6967714 e.kl.16.

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv. 101. Einnig langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws www.starplus.info,

## Fyrir veiðimenn

Laxamaðkar til sölu. 50 kr. stk. Uppl. í s. 562 5013 & 866 8112.

## Ýmislegt

3.ára Japanic Cnin rakki ættbóka og örmerktur til sölu fyrir 25 þús.kr upplysingar s. 8461813

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Vesturberg 195, laust. 60 fm. tveggja herb. Verð kr. 70.000. Fyrirfram kr. 140.000. Hundar og kettir velkomnir. Ekki húsaleigubætur. Sími 770 7360 milli kl. 10 og 16 en ekki á öðrum tímum.

Til leigu frá 01.06 3-4 herb. risíbúð í Nóatúni v.120 þ.+rafmagn. S. 694 9592.

30.fm stúdíóíbúð 59 þús. 10 fm. herbergi 29 þús. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgang að eldhús, þvottahús. Uppl.699-2829

Ásakór Ný 4 herb parket og flísar á gólfum öll ljós og eldav uppþv.vél kælir þvottav s.8960240

Til leigu 3herb íbúð á svæði 104. gott skipulag sér inngangur á jarðhæð geymsla og sér þvottahús uppþvotavél og þvottavél þurkari fylgir íbúð laus 1 júní leiga 110 þús pr mán+hiti rafm s. 8678871

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 3 herb. íbúð í Engihjalla í Kóp. Uppl. s. 899 3749.

4ra herb. 114fm nýlegt raðhús í Hraunbæ 109, 110 Rvk. Engin vísitala. Fast verð kr. 145.þ m.hússjóð. Langtímaleiguhúsnæði. S.898-3420

2ja herb. íb. V 80þ m/hita og rafm. o.fl. Aðeins f. reykl. og reglus. S 8934464

### NULL
3.herb. á svæði 105 til leigu, m/baði og eldunaraðstöðu. S.551 5757 e kl. 16

Björt og rúmgóð 85 fm, þriggja herbergja íbúð í 101 Skerjafirði til leigu í sumar. uppl. 8617012

Til leigu 2 herb. íbúð á svæði 109. Leigist m. húsgögnum. Leigutími frá 1. júní - 31. ágúst eða hluti af því tímabili. Verð samkomulag. s. 863-8392

3 herb. íbúð c. 60fm. á jarðhæð með sérinngangi til leigu í Seljahverfi Breiðholti. Langtímaleiga. Laus strax. Reyklaus íbúð. 90þ. á mán. Uppl. í s. 664 8363.

Til leigu 5 herb. lúxus íbúð í Hfj. Glæsilegt útsýni í allar áttir, bílakjallari. Uppl. í s. 770 2021.

## Húsnæði óskast

Sjómaður óskar eftir íbúð í 101 Rvk. 2 herb. langtímaleiga. Hef meðmæli. Skilvísum greiðslum heitið. S. 662 3703.

DANMÖRK. Ísl. par óskar eftir ódýrri íbúð í kringum Kaupmanarh.í 2 ár. kristinsara@hive.is

Óska að kaupa iðnaðartjald með PVC dúk.Stærð ekki undir 200 fermetrar. Upplýsingar í síma: 660-6708 Ólafur.

Póstnr. 101 eða 107. Norðm. reyklaust par v/Háskóla Ísl. 1/8-2009 -1/7-2010, vantar 3ja herb. íb. m. húsg. og sturtu. Vinsaml. sendið símanr. m. SMS í 0047-98 64 82 77 E-mail með uppl. á gunhildrf@hotmail.com

## Sumarbústaðir

Leigumiðlun sumarbústaða á www.sumarbustadur.is Vilt þú leigja bústaðinn þinn?

Glæsilegur nýr bústaður til leigu viku í senn, með heitum potti. Er í Grímsnesinu. Uppl. í s. 863 7979.

## Atvinnuhúsnæði

### Til leigu.
Lyngás 87 fm. með innkeyrslud, Tunguháls 204 og 326 fm með innkeyrslud. Við sund 20 og 45 fm. á annari hæð. Sími 894 1022 leiguval.is

100 m2 ásamt 40 m2 millilofti til leigu við Flatahraun í Hafnarfirði. uppl. í síma 892 8816.

Kennsluaðstaða óskast. Þarf að vera lítill salur 30-50 fm og ein til tvær skrifstofur. Góð aðkoma, kaffistofa. Uppl. 10linur@gmail.com

Rúmlega 100.ferm. sýningarsalur til leigu, getur lika nýst sem vinnustofa,. uppl.í síma 897-2256. Galleríið Af Hjartans List. Brautarholti 22.105 Reykjavík

Ó.e. iðnaðarhúsnæði ca.50-100fm til langtímaleigu á svæði 110 Rvk. S.821-1174

Iðnaðarrými í Hafnarf. til leigu. 100, 180 og 360 ferm. Lofthæð 4 til 7 m. Get einnig boðið 1000 - 1500 ferm húsn. 822 4200.

## Geymsluhúsnæði

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500




## Gisting

### www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

### Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Atvinna í boði

### Krakkahöllin Korputorgi
Óskar eftir starfsmanni, 25 ára eða eldri. Uppl. í s. 893 0096.

KOFI TÓMASAR FRÆNDA óskar eftir brosmildum starfsm. í vaktav.,uppl á staðnum miðv. milli 12-16

### Sveit
Unglingur 14-16 ára óskast í sveit, uppl i sima 865 8104

### STÖRF.IS
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Kokkur og aðstoðarfólk. Veitingahúsinu Horninu vantar kokk í sumarafleysingar frá 15 júlí til 15 ágúst. Einnig aðstoðarkokka í ca 70 % starf, einn í afleysingar til 2 júlí og annan í framtíðarstarf. Sendið meil á hornid@hornid.is

SVEIT Starfsmenn vantar á kúabú á suðurlandií öll almenn sveitarstörf, sumar eða framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 4876576 milli kl. 12-13 og eftir 21.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Ýmislegt

**KVIKMYNDIN BJARNFREÐARSON**
**Við óskum eftir MUNUM og FATNAÐI fyrir börn og fullorðna á öllum aldri frá árunum 1965 til 1978 fyrir tökur á kvikmynd. Munum, svo sem leikföngum og öðrum nytjahlutum á heimili - skóladót, skólatöskur, bækur, pennaveski, nestisbox og þesskháttar frá árunum 1965 til 1978. Skyldi eitthvað slíkt leynast í dýrmætum geymslum landsmanna, þá gerir það mjög mikið fyrir kvikmynd þessa ef við gætum notað það í upptökur. Endilega hafið samband varðandi nánari upplýsingar og fyrirspurnir.**

**MUNIR leikmynd@sagafilm.is eða í síma 822 25 05 Júlía Embla.**

**FATNAÐUR helgaros@hive.is eða í síma 899 24 64 Helga Rós.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

### Nudd óskast
Karlmaður um fimmtugt, kyrrsetumaður, í alla staði venjulegur, sem er að koma sér í líkamlegt toppform, vill kynnast nuddkonu. Auglýsing hans er á Sexychat.is á slóðinni www.sexychat.is/hreggvidur.

### Hot pink
Símadama á Rauða Torginu hefur birt alveg sérlega flottar myndir af sjálfri sér í myndaalbúmum Sexychat.is. Þú sérð prófílinn hennar á slóðinni www.sexychat.is/perla.

### Ný símadama
Rauða Torgið tilkynnir um nýja símadömu. Þú sérð prófílinn hennar hjá Sexychat.is á slóðinni www.sexychat.is/AnnaRut.

### Fyrirsætur á Sexychat.is
Nú þegar hafa ýmsir einstaklingar skráð sig sem fyrirsætur hjá Sexychat.is. Smelltu á „Leita", veldu valkostinn „Fyrirsæta" og skoðaðu prófílana sem koma upp.

## Atvinna

# Óskum eftir pari til að reka gistiheimili í Suður-Frakklandi

- Þarf að geta byrjað 15. júní
- Umsóknafrestur til 30. maí.
- Svar sendist til lisa@kimihotel.com

## Tilkynningar

**KÓPAVOGSBÆR**

## Hesthúsalóðir í Kópavogi

**Opið er fyrir umsóknir um byggingarrétt á 25 hesthúsalóðum á Kjóavöllum**

Hægt er að kynna sér lóðirnar á yfirlitskortum og sækja um þær rafrænt á vefslóðinni *http://lodir.kopavogur.is/*.

Lóðirnar eru lausar til umsóknar fyrir almenning þar sem úthlutun til félagsmanna Hestamannafélagsins Gusts, sem sóttust eftir lóðum í samræmi við samning félagsins og Kópavogsbæjar, hefur þegar farið fram.

Framkvæmdasvið Kópavogsbæjar

*www.kopavogur.is*

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur Búmanna

Aðalfundur Búmanna hsf. verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð, miðvikudaginn 10. júní kl. 17.00.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Eyþór H. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar flytur ávarp.

***Stjórnin.***

### Aðalfundur Alliance française 2009

Aðalfundur Alliance française verður haldinn fimmtudaginn 4. júni kl. 20:00 í húsakynnum félagsins í Tryggvagötu 8.

**Fundarefni:**
- Ársskýrsla forseta
- Samþykkt ársreikninga
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Rétt til fundarsetu hafa allir skuldlausir meðlimir Alliance française.

### Assemblée Générale 2009 de l'Alliance Française

L'Assemblée générale de l'Alliance Française aura lieu le jeudi 4 juin à 20h dans ses locaux, Tryggvagata 8.

**A l'ordre du jour:**
- Rapport d'activités 2008 du président.
- Ratification des comptes 2008.
- Election du comité 2009-2010.
- Autres.

Seuls les membres qui sont à jour dans leur cotisation 2009 peuvent assister à l'Assemblée Générale.



*Konan mín,*

**Sonja Guðlaugsdóttir**
Sandholti 7, Ólafsvík,

er látin. Útför hennar verður gerð frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 30. maí nk. kl. 14.
Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Helgi Kristjánsson.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Steinþórsson**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 23. maí.

**Ólafía Helga Stígsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingibjörg Arndís Garðarsdóttir** | **Nína Fjellheim** |
| **Steinþór Páll Garðarsson** | **Berglind Gísladóttir** |
| **Margrét Rósa Garðarsdóttir** | **Arne Johan Johansen** |
| **Hjalti Ragnar Garðarsson** | **Kristín Sigríður Hansdóttir** |
| **Hjördís Björk Garðarsdóttir** | **Smári Helgason** |
| **Ingvar Örn Garðarsson** | **Nantasiri Mankamnerd** |
| **Halldóra Steina B. Garðarsdóttir** | **Helgi V. Viðarsson Biering.** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Jónasson**
Hlíðargerði 10, Reykjavík,

sem lést 13. maí, verður jarðsunginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 28. maí kl. 13.

**Árdís Guðmarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Guðmar Einarsson** | **Elín Úlfarsdóttir** |
| **Sigríður Einarsdóttir** | |
| **Einar Örn Einarsson** | **Tinna Brá Baldvinsdóttir** |

**Eydís, Elísa, Birgitta Björg, Jónas, Árdís Freyja og Indriði Hrafn.**

---



*Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jónasar Finnbogasonar frá Harðbak**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir kærleiksríka umönnun.

| | |
|---|---|
| **Hólmfríður Friðgeirsdóttir** | |
| **Vilmundur Þór Jónasson** | |
| **Valgeir Jónasson** | **Kristín Böðvarsdóttir** |
| **Gunnar Finnbogi Jónasson** | **Þórhildur Hrönn Þorgeirsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,*

**Sigmundur Erling Ingimarsson,**
(Simmi trommari)
Grundartúni 5, Akranesi,

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 22. maí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 28. maí kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Ingimar Garðarsson** | **Anna Signý Árnadóttir** |
| **Auður Inga Ingimarsdóttir** | **Brynjólfur Þór Jónsson** |

**Sigurlaug Inga Árnadóttir**
**Garðar Halldórsson**
**Ragnheiður Elíasdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

**JOHN WAYNE (1907-1979) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Lífið er erfitt, og enn erfiðara ef þú ert heimskur.“*

***Leikarinn John Wayne var þekktur fyrir hlutverk sín í hinum ýmsu vestrum. Hann þótti ímynd karlmennskunnar og hlaut á ferlinum bæði Óskars- og Golden Globe-verðlaun.***



**ÞETTA GERÐIST:** 26. MAÍ 1968

# *Hægri umferð tekin upp*



**AF VINSTRI Á HÆGRI**

Íslendingar tóku upp hægri umferð sunnudaginn 26. maí 1968 kukkan sex að morgni. Öll umferð var bönnuð frá klukkan 3 um nóttina svo gatna- og vegagerðarmenn gætu gert nauðsynlegar breytingar áður en stundin rynni upp.
Aðeins leigubílar, strætisvagnar, lögreglu- og slökkviliðsbílar máttu aka um en klukkan tíu mínútur í sex gekk í gildi algert umferðarbann. Þá höfðu ökumenn nokkrar mínútur til að færa sig yfir á réttan vegarhelming.
Breytingarnar voru vel undirbúnar og því voru fá umferðarslys sem mátti rekja til þeirra. Einkunnarorð dagsins voru: „Við erum öll byrjendur.“

# tímamót

timamot@frettabladid.is

---



*Innilegt þakklæti til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Lilju Guðvarar Guðmundsdóttur**
Furugrund 12, Kópavogi,

sem lést miðvikudaginn 24. apríl sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans á Landakoti fyrir frábæra umönnun.

**Hallvarður S. Guðlaugsson**

| | |
|---|---|
| **Guðmundur J. Hallvarðsson** | **Anna Margrét Jónsdóttir** |
| **Lilja Dögg Guðmundsdóttir** | **Elvar Már Ólafsson** |
| **Hallvarður Jón Guðmundsson** | |
| **Elfa Rún Guðmundsdóttir.** | |

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Reidun Gustum**
Bjargartanga 18, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, fimmtudaginn 21. maí. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ föstudaginn 29. maí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Hjörtur Jónasson**

| | |
|---|---|
| **Sturla Hjartarson** | |
| **Hermann Hjartarson** | |
| **Hólmfríður Sóley Hjartardóttir** | **Axel Blöndal** |
| **Oddvar Örn Hjartarson** | |

**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðríðar Þorsteinsdóttur**
Barmahlíð 36, Reykjavík,

sem lést 24.04. 2009. Fjölskyldan vill þakka af alúð alla þá yndislegu hjálp sem Guðríður fékk í sínum veikindum, sérstakar þakkir til alls starfsfólks sem vinnur á L-5 á líknardeild Landakotsspítala, hafið þökk fyrir ykkar góðu störf. Guð veri með ykkur öllum.

| | |
|---|---|
| **Viðar Guðmundur Elísson** | |
| **Guðrún Elsa Elísdóttir** | |
| **Þorsteinn Elísson** | **Ásta Fríða Baldvinsdóttir** |
| **Hildur Jóna Þorsteinsdóttir** | **Sigurjón Einar Þráinsson** |
| **Þorsteinn Már Þorsteinsson** | **Vala Steinsdóttir** |
| **Elísa Björk Þorsteinsdóttir** | |
| **Guðjón Ingi Gunnlaugsson** | |

**og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---



**FORSTJÓRI Á ÁLFHÓLI** Kjartan Örn Sigurðsson, forstjóri Egilsson hf., sem hlaut Fjörusteininn, umhverfisverðlaun Faxaflóahafna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EGILSSON HF:** HLÝTUR FJÖRUSTEININN

# Góðir straumar frá álfhólnum

„Við vorum ótrúlega ánægð með að fá þessa viðurkenningu og stolt yfir að hafa náð þessum árangri,“ segir Kjartan Örn Sigurðsson, forstjóri Egilsson hf., sem rekur meðal annars verslanir Office 1. Fyrirtækið hlaut nýverið Fjörusteininn, umhverfisverðlaun sem Faxaflóahafnir veittu nú í fjórða sinn.

Fjörusteininn er viðurkenning Faxaflóahafna til fyrirtækja sem skara fram úr í frágangi umhverfisins og hafa með metnaði byggt falleg hús á hafnarsvæðinu.

„Við höfum hugað töluvert að umhverfinu og gaman að segja frá því að við erum staðsett við hliðina á friðuðum álfhól,“ segir Kjartan og bætir við að margir hafi haft á því orð að mikil gæfa fylgi því að búa í návígi við álfana. „Við finnum í það minnsta fyrir góðum straumum,“ segir hann glettinn.

Egilsson stendur við Köllunarklettsveg 10 en fyrirtækið stóð fyrir byggingu hússins og flutti inn fyrir tæpum tveimur árum. „Við höfum lagt kapp á að aðkoman og lóðin okkar sé snyrtileg og höfum reynt að blanda saman þessari byggingu og gróðrinum sem við höfum plantað í kringum húsið,“ segir Kjartan og tekur fram að starfsfólkið leggi sitt af mörkum að halda umhverfinu sem snyrtilegustu.

Hjá Egilsson er þó ekki aðeins hugað að umhverfinu utanhúss heldur einnig annars staðar í fyrirtækinu. „Við gætum þess að endurvinna pappír auk þess sem við hugsum um það í rekstri okkar að flytja inn umhverfisvæna vöru, eins og pappír og ritföng,“ útskýrir Kjartan.

En hvað finnst honum um umhverfisvitund fyrirtækja almennt? „Ég held að það hafi orðið mikil umhverfisvakning í þjóðfélaginu á undanförnum árum og að þeir sem hafa verið að endurnýja húsnæði sitt eða byggja nýtt hafi hugað betur að sínu nánasta umhverfi en oft áður. En maður hræðist það í dag þegar hallar undan fæti að það verði meira um ókláruð hús og lóðir á næstunni,“ segir Kjartan og hefur einnig áhyggjur af þróun í umhverfisvitund almennings. „Umhverfisvænar vörur eru oft á tíðum dýrari í innkaupum en aðrar og spurning hvort þær vörur muni víkja í kreppunni fyrir ódýrari og minna umhverfisvænum vörum,“ segir Kjartan sem þætti það ekki góð þróun.

Egilsson ætlar þó ekki að leggja árar í bát á næstunni og lætur Fjörusteininn vera áminningu um góðan árangur sem vert er að halda og jafnvel bæta. **solveig@frettabladid.is**




Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is

Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MasterCard VISA




# Portúgal

## Forte da Oura

★★★★

ALBUFEIRA

VERÐ FRÁ **69.633 kr.**

VIKUFERÐ 20. júní — á mann í viku m. v. 2 með 2 börn. 84.467 kr. m.v. tvo fullorðna.

Gott íbúðahótel, vel staðsett um 500 m frá neðsta hluta „Laugavegarins“, Sao Jao veitingahúsahverfinu, einu skemmtilegasta hverfinu í Albufeira. 5–10 mín. gangur niður á Praia de Oura ströndina. Íbúðir eru rúmgóðar með svölum, loftkældar með eldhúsi, sjónvarpi, síma og öryggishólfi. Lifandi tónlist þrisvar í viku, veitingasalur og leikjaherbergi. Sundlaugargarður með frábærri aðstöðu. Nettenging í gestamóttöku.



# Tyrkland

## Forum Residence

★★★★

MARMARIS

VERÐ FRÁ **79.675 kr.**

VIKUFERÐ 3. júlí — á mann í viku m. v. 2 með 2 börn. 99.550 kr. m.v. tvo fullorðna.

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýtískulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Fíton/SÍA

MasterCard VISA Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000**

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

www.urvalutsyn.is








NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Charlie Sheen

Einn maður hefur verið mér ofarlega í huga síðan fyrrverandi forsætisráðherra Íslands hræddi líftóruna úr fjölskyldunni með orðunum „Guð blessi Ísland“ fyrir rúmu hálfu ári. (Afleiðingarnar af þeim orðum eru þær að ég á búr sem er troðfullt af kakói, pasta og hrísgrjónum og sennilega er ég einn af örfáum Íslendingum sem gæti lifað af jarðskjálfta, innrás frá Mars eða kjarnorkustyrjöld). Þessi maður, sem hefur verið mér svona hugleikinn, er Bud Fox.

Fox var sonur flugvélavirkja sem hafði unnið allt sitt líf og aldrei dreymt um neitt annað en að geta brauðfætt fjölskyldu sína og eiga eitthvað aukreitis til að gera lífið ögn skemmtilegra. Sonurinn hafði líka aðeins eitt að leiðarljósi í lífi sínu; að verða ríkur og græða peninga. Ekkert var nóg því Fox langaði alltaf að eignast meira og meira. Hann lærði af Mammoni holdi klæddum; Gordon Gekko. Bud Fox vaknaði til lífsins í Wall Street en þegar ég sá þá mynd fyrst fannst mér hún yfirmáta hallærisleg enda frá hinu vafasama eitís-tímabili. Og þá var líka góðæri og allir sem kunnu að græða voru góðu gæjarnir.



Í kreppunni get ég hins vegar horft á Wall Street aftur og aftur og hlegið mig máttlausan. Því sú stund, þegar Bud Fox er handtekinn, er leiddur út í handjárnum með tárin í augunum, er einhver sú yndislegasta sem um getur í kvikmyndasögunni. Því þar líta þau dagsins ljós, þessi kaldhæðnislegu örlög hinna gráðugu sem verða ekki saddir fyrr en þeir hafa fengið sína fyrstu máltíð á bak við lás og slá.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Álfur frá Vindhæli og Dísa af Skaganum

**LEIKLIST**

**Hel**

Leikhópurinn Hr. Níels í samstarfi við Íslensku óperuna og Listahátíð í Reykjavík

Texti: Sigurður Nordal.
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason.
Hel eftir Sigurð Sævarsson.

★★★

Snoturt en átakalítið verk

Flagarinn var ungum höfundum hjartkær á fyrstu áratugum síðustu aldar. Loftur, Álfur, Steinn Elliði. Hinn syndugi og siðlausi strákur sem ferst á endanum á sér líkastil upphafið í þýðingu Matthíasar á Manfreð Byrons sem kom fyrst út 1875 í Kaupmannahöfn og hefur verið mörgum kunn, svo áhrifamikill kveðskapur sem hún er.

Þegar þeir félagar í Hr. Níels tóku að greina frá tilraunum sínum til að koma Heli Sigurðar Nordals á svið sem óperu tóku efasemdir við: var sá texti hentugur í óperatískt verk? Voru átökin nægilega skýr og afdráttarlaus? Var hið frjálsa form textans tilvalið til lagsetningar? Var ekki einmitt ástæða til að leita frekar í háttbundin verk til að kalla á hið háttbundna í tónlistinni? Allar þessar efasemdir voru tifandi þegar sest var niður á laugardagskvöld og setið undir nýrri íslenskri óperu eftir Sigurð Sævarsson. Tónskáldið stýrði Kaput. Fram kom lítill kór úr söngsveit Óperunnar, tvær ungar leikkonur voru í þöglum hlutverkum og stóru hlutverkin tvö, Álf og Skuggann sungu þeir Ágúst Ólafsson og Jóhann Smári Sævarsson, hlutverk, Unu, sem er ekki stórt, söng Hulda Björk Garðarsdóttir.

Útkoman var átakalítil saga með veika framvindu, tónlistin var áheyrileg og fallega smíðuð, söngurinn fallega fluttur en verkið var lygna frekar en stormur. Leikstjórinn hefur mátt setja það í sparsamt mót, bæði í hreyfingum og kringumstæðum, bæði sökum eiginda texta og tónlistar. Kyrrleiki var mikill í sviðsetningunni þótt stöðubreytingar væru liðlegar. Hér var því fátt sem kveikti beinlínis í þessum áhorfanda þótt ekki leiddist honum, forvitnin hélst við.

Það er mikið og merkilegt hugsjónaverk að koma saman íslenskum óperum: í handraðanum eru til nokkrar óperur eftir eldri tónskáld sem kalla á sviðsetningu. Enn er ekki tekið til við að endurflytja verk á borð við eldri óperur Atla og Jóns Ásgeirssonar. Þá er ástæða til að minnast merkilegs framlags Strengjaleikhússins sem hefur pantað og sviðsett nokkrar smærri óperur.

Íslenska óperan kom að tilurð Hels þótt það sé að mestu leyti verk þeirra félaga í hr. Níels. Spurning vaknar hvar Sinfónían er í dæmi sem þessu og hvar er Þjóðleikhús. Og enn skal fundið að: var ekki möguleiki að dreifa sýningum á tveimur óperusýningum á Listahátíð betur en þetta: Í Óðamannsgarði og Hel voru nær samtímis í sýningum, sem verða ekki fleiri. Og hvar voru allir þeir sem vilja veg íslenskra óperumennta sem mestan þetta frumsýningarkvöld; í garðinum að grilla?

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**LEIKLIST** Úr sviðsetningu Hr. Níels á Heli.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 26. maí 2009**

**➜ Tónleikar**

**20.00** **Dóra Steinunn Ármannsdóttir** mezzósópran og **Antonía Hevesi** píanóleikari verða með tónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi við Gerðuberg 3-5. Yfirskrift tónleikanna er „Óperuaríur frá ísköldum Orlowsky til blóðheitrar Carmen“.

**22.00** Hljómsveitin **No. 9** flytur Bítlalög á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði. Aðgangur ókeypis.

**➜ Leiklist**



**17.00** Lýðveldisleikhúsið sýnir **„Út í kött!“**, ævintýraleik með dansi og söng í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi við Gerðuberg 3-5.

**➜ Sýningar**

Í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu hefur verið opnuð ný sýning **„Svart á hvítu - prentlistin og upplýsingabyltingin“**. Á sýningunni má m.a. sjá mót úr fyrstu íslensku prentsmiðjunum á Hólum, í Skálholti og í Hrappsey. Opið alla daga kl. 10-17.

Í Þjóðarbókhlöðunni við Arngrímsgötu hefur verið opnuð **sýning um kvennablöð og kvennatímarit**. Opið mán.-fös. kl. 9-17, lau. kl. 10-14. Lokað á sunnudögum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 4, 6 og 8 | L |
| STAR TREK | kl. 10 | 10 |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NEW IN TOWN | kl. 8:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| JONAS BROTHERS 3D | kl. 6(3D) | L |
| STAR TREK XI | kl. 10:30D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 | L |
| ALFREÐ ELÍASSON OG LOFTLEIÐIR | kl. 5:30D - 8D síð sýn | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| X MEN - ORIGINS WOLVERING | kl. 8 síð sýn | 14 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 síð sýn | L |
| THE UNBORN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10 | 16 |
| HANNA MONTANA | kl. 8 | L |
| STAR TREK XI | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:10 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 8 | L |
| THE UNBORN | kl. 10:10 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

NÝTT Í BÍÓ!




500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar
Gildir ekki í lúxussal eða Borgarbíó










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 LÚXUS | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS | kl. 8 - 10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR




**TÓMAS VALGEIRSSON** Tómas segir að misræmi í aldursmerkingum á DVD-myndum hér á landi sé bagalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# James Bond leyfð öllum en Madagascar 2 bönnuð

**Tómas Valgeirsson, einn af stjórnendum síðunnar Kvikmyndir.is og starfsmaður raftækjadeildar Hagkaupa sem selur DVD-diska, segir að misræmi í aldursmerkingum á DVD-myndum sé bagalegt.**

Tómas ætlar að koma á fót aðgengilegum og öflugum gagnagrunni á síðunni kvikmyndir.is sem foreldrar geta stuðst við í framtíðinni vilji þeir kaupa eða leigja mynd fyrir börnin sín.

Tómas nefnir sem dæmi að James Bond-myndin Quantum of Solace hafi í bíó verið bönnuð innan tólf ára en á DVD sé hún leyfð öllum aldurshópum. Önnur mynd sem kom út um svipað leyti, teiknimyndin Madagascar 2, er aftur á móti bönnuð innan sjö ára. „Segjum sem svo að ég vissi ekkert um kvikmyndir og ég ætti fimm ára dóttur. Hvora myndina ætti ég að leyfa henni að horfa á? Myndina með stanslausri kúlnahríð og hálfnöktu kvenfólki eða saklausu teiknimyndina um talandi dýr? Samkvæmt hulstrinu er mér frekar vísað á ofbeldisfullu myndina," segir Tómas. Bætir hann við að nánast daglega sé hann spurður út í hinar ýmsu myndir og hvort börn megi horfa á þær. Ástæðan fyrir þessu er oft á tíðum villandi aldursmerkingar.

Síðan kvikmyndaeftirlitið var lagt niður fyrir nokkrum árum hafa dreifingaraðilar sjálfir ákveðið hvernig aldurstakmörkum DVD-mynda er háttað. Miðað við fyrrnefnt dæmi um Bond og Madagascar getur stundum verið erfitt að taka mark á þeim. „Það væri sniðugt að koma stöðugum gagnagrunni af stað. Við hjá kvikmyndir.is erum til í að taka slíkt skref. Það myndu tiltekin aldurstakmörk varðveitast og foreldrar hafa betri hugmynd um hvað væri hentugast fyrir börnin," segir Tómas. „Við myndum í bíó, þó svo að það geti ekkert endilega alltaf verið betra. Stundum eru þessir stimplar notaðir til að lokka fleira fólk í bíó. Stundum er mynd skráð stranglega bönnuð innan sextán ára bara til að auka spennuna hjá unglingunum sem hafa áhuga á að sjá blóð og viðbjóð."

Tómas tekur fram að með gagnagrunninum, sem vinna er þegar hafin við, sé ekki verið að setja sig í spor Kvikmyndaeftirlitsins sáluga heldur einungis veita almenningi upplýsingar um þær aldursmerkingar sem hafa verið gefnar upp í kvikmyndahúsum hérlendis.

freyr@frettabladid.is


DRAUMAR 2009

Alþjóðleg döff leiklistarhátíð Draumasmiðjunnar á Íslandi

**Mánudagur 25.05.09**
10:00 -16:00 Námskeið: **Lars Henning** leiðir leiklistarnámskeið í líkamstjáningu í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu – skráning er hjá Draumasmiðjunni en kennt er á ensku og þýtt yfir á íslenskt táknmál og bandarískt táknmál.
20:00 Leiksýning: Fyrsta táknmálsópera heims, **The Hunt of King Charles** (Teatteri Totti, Finnland) í Kassanum, Þjóðleikhúsinu – miðasala á midi.is.

**Þriðjudagur 26.05.09**
10:00–16:00 Námskeið: **Lars Henning** leiðir námskeið í Kúlunni, Þjóðleikhúsinu
20:00 Leiksýning: Nýtt íslenskt gamanverk á dramatískum nótum, **Lostin** (Draumasmiðjan, Ísland/Tékkland) í Kassanum, Þjóðleikhúsinu – miðasala á midi.is

**Fimmtudagur 28.05.09**
10:00 –16:00 Námskeið: **Lars Otterstedt** heldur leiklistarnámskeið í túlkun leiktexta **Lars Norens**, í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu. Kennt er á táknmáli eingöngu – skráning hjá Draumasmiðjunni
20:00 Leiksýning: Gamanverkið **Mistero Buffo** (Ramesh Meyyappan, England/Singapore) í Kassanum, Þjóðleikhúsinu – miðasala á midi.is

**Föstudagur 29.05.09**
10:00 –16:00 Námskeið: **Lars Otterstedt** heldur námskeið í Kúlunni, Þjóðleikhúsinu
20:00 Leiksýning: **Lostin** (Draumasmiðjan, Ísland/Tékkland) í Kassanum, Þjóðleikhúsinu – miðasala á midi.is

**Laugardagur 30.05.09**
20:00 Leiksýning: Frá Gay Pride til Drauma, **The Dream boys** (Tyst teater, Svíþjóð) í Kassanum, Þjóðleikhúsinu

Styrkt af:

norden Nordic Culture Fund
HÁSKÓLI ÍSLANDS
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Reglur eyðilögðu sambandið

Idol-dómarinn Simon Cowell segir ástæðuna fyrir því að hann hætti með kærustu sinni, Terri Seymour, þá að hann hafi verið orðinn þreyttur á reglunum sem fylgdu sambandinu.

Cowell og Seymour, sem er sjónvarpskona, hættu saman á síðasta ári eftir sex ára samband. „Ég var sár þegar ég og Terri hættum saman vegna þess að ég var svo hrifinn af henni. Við vorum mjög náin. Ég held að sú staðreynd að við vorum í alvarlegu sambandi með reglunum sem fylgdu því, eða því sem við héldum að væru reglur, hafi valdið mestu vandamálunum. Reglur eru það sama og leiðindi og ég er ekki hrifinn af þeim,“ sagði Cowell. Nefndi hann sem dæmi spurningaflóðið sem hann fékk daglega yfir sig eftir erfiðan vinnudag. „Þegar klukkan var orðin 23.30 sagði ég: „Ég ætla ekki að svara fleiri spurningum.“ Undir það síðasta vorum við farin að rífast yfir smámunum,“ sagði hann. „Þetta verður þreytandi og kemst upp í vana. Mér finnst ekki rétt að par haldi áfram saman þangað til þau eru farin að hata hvort annað. Terri er fín stelpa, hún er með allt á hreinu. Þetta snerist ekki um að ég hafi verið að eltast við einhverja aðra.“



**SIMON COWELL** Idol-dómarinn hætti með kærustu sinni Terri Seymour í fyrra eftir sex ára samband.

## Langaði að stunda kynlíf fyrr

Bandaríska leikkonan Brooke Shields segir í samtali við Health-tímaritið að hún hefði viljað byrja að stunda kynlíf mun fyrr.

Shields hefur þegar upplýst aðdáendur sína um að hennar fyrstu nánu kynni við aðila af hinu kyninu hafi átt sér stað þegar hún var 22 ára. „Ég var alltaf í mínus yfir því hvernig ég leit út á mínum yngri árum og vildi helst ekki opinbera mig á þeim tíma og þeim vettvangi.“



**BROOKE SHIELDS** Byrjaði of gömul.






## > Landsliðið tilkynnt í dag

Það styttist í stórleik Íslands og Hollands á Laugardalsvelli en leikurinn fer fram þann 6. júní næstkomandi. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari mun tilkynna leikmannahóp sinn fyrir leikinn gegn Hollandi, og einnig fyrir leikinn gegn Makedónum fjórum dögum síðar, í dag. Miðasala á leikinn gegn Hollendingum er hafin en hægt er að kaupa miða á midi.is. Dýrustu miðarnir í forsölu kosta 4.500 kr. en þeir ódýrustu 1.500 kr. Miðaverðið hækkar síðan um 500 kr. á leikdag.



# sport

sport@frettabladid.is

BURNLEY KOMIÐ Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI: JÓHANNES KARL ÁTTI EFTIRMINNILEGAN AFMÆLISDAG

# Þetta er hápunkturinn á ferlinum til þessa

Burnley tryggði sér í gær síðasta sætið í ensku úrvalsdeildinni að ári. Liðið mætti þá Sheff. Utd í hreinum úrslitaleik á Wembley um úrvalsdeildarsætið. Aðeins eitt mark var skorað og það gerði Wade Elliott á 13. mínútu leiksins fyrir Burnley.

Jóhannes Karl Guðjónsson hélt upp á 29 ára afmælið sitt í gær og hann hóf leik á bekknum. Hann staldraði stutt við þar því hann varð að koma inn á völlinn á 27. mínútu þegar miðjumaður Burnley meiddist. Jóhannes lék ágætlega og fékk til að mynda algjört dauðafæri í síðari hálfleik en skot hans fór fram hjá markinu.

„Þetta er búinn að vera helvíti góður afmælisdagur. Það er ekki hægt að neita því," sagði Jóhannes Karl kátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir leik.

„Það er svakaleg stemning hérna hjá okkur og menn í skýjunum með að við höfum náð að klára þetta. Mér fannst við vera betra liðið og eiga þetta skilið. Við lögðum líka Reading á leið okkar hingað og mér fannst við eiga þetta



algjörlega skilið," sagði Jóhannes Karl en Burnley lenti í fimmta sæti deildarinnar. Mætti fyrst Reading í umspilinu og svo Sheff. Utd í gær.

„Okkur gekk vel í bikarnum í vetur og kunnum því vel á svona úrslitaleiki. Það var alveg ótrúlegt að fá að koma á Wembley og spila hérna. Þetta er frábær völlur og það var ótrúlega skemmtilegt að fá að spila fyrir allt þetta fólk. Það var ekki síður gaman að fá að labba upp tröppurnar og taka við verðlaunum. Þetta var bara ótrúlega skemmtileg reynsla og þessu gleymir maður aldrei," sagði Jóhannes Karl.

„Þetta er klárlega hápunkturinn á ferlinum til þessa. Það er líka gaman að ná þessum árangri með Burnley því það höfðu ekki margir trú á því að við gætum þetta. Þetta er bara ótrúlega gaman," sagði Jóhannes Karl sem fær vænan bónus eins og aðrir leikmenn liðsins fyrir að komast upp um deild. Samningur hans hækkar einnig þannig að þessi flotti árangur gefur vel í aðra hönd fyrir bæði leikmenn sem og félagið sjálft.

Haukur H. Pálsson á NM:

## Sá besti annað árið í röð

**KÖRFUBOLTI** Haukur Helgi Pálsson varð um helgina Norðurlandameistari með 18 ára landsliði karla og var í mótslok kosinn besti leikmaður mótsins annað árið í röð. Hann var einnig kosinn bestur hjá 16 ára liðinu þegar liðið vann silfur á mótinu í fyrra.

Haukur Helgi, sem er einu ári yngri en flestir í 18 ára liðunum, var einnig með 1991-liðinu þegar liðið varð Norðurlandameistari 16 ára liða fyrir tveimur árum.

Haukur Helgi hefur nú tekið þátt í þremur Norðurlandamótum og spilað úrslitaleik á þeim öllum. Hann hefur alls verið í sigurliði í 11 af 15 leikjum á mótinu, unnið tvö gull og eitt silfur. - óój



**Valur 1-1 Grindavík**

Vodafonevöllur, áhorf.: 1.054 Kristinn Jakobsson (8)

*0-1 Scott Ramsay (16.)*
*1-1 Marel Baldvinsson (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–8 (3–4) |
| Varin skot | Kjartan 3 – Óskar 2 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–5 |
| Rangstöður | 2–0 |

| VALUR 4–4–2 | | GRINDAV. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 3 | Óskar Pétursson | 6 |
| Steinþór Gíslason | 5 | Ray Jónsson | 6 |
| (77., Viktor Illugas. | -) | Zoran Stamenic | 6 |
| Reynir Leósson | 5 | Bogi Rafn Einarsson | 6 |
| (22., Guðm. Mete | 4) | Jósef Jósefsson | 6 |
| Atli Sv. Þórarinsson | 5 | Scott Ramsay | 6 |
| Bjarni Ó. Eiríksson | 6 | Marko V. Stefánsson | 6 |
| Baldur Aðalsteinsson | 5 | Orri Freyr Hjaltalín | 5 |
| ***(46,Guðm. Hafs.** | **7)** | (55., Óli Bjarnason | 5) |
| Ian Jeffs | 4 | Jóhann Helgason | 4 |
| Sigurbjörn Hreiðars. | 4 | Sveinbjörn Jónasson | 5 |
| Ólafur Páll Snorras. | 6 | (75., Óttar Magnús. | -) |
| Helgi Sigurðsson | 5 | Gilles Ondo | 6 |
| Marel Baldvinsson | 6 | (65., Þórarinn Krist. | 4) |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í PEPSI-DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **4** | **3** | **1** | **0** | **7-1** | **10** |
| Fylkir | 4 | 3 | 1 | 0 | 6-1 | 10 |
| **Stjarnan** | **4** | **3** | **0** | **1** | **13-6** | **9** |
| FH | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-5 | 9 |
| **Keflavík** | **4** | **3** | **0** | **1** | **5-2** | **9** |
| Breiðablik | 4 | 2 | 0 | 2 | 6-7 | 6 |
| **Fram** | **4** | **1** | **1** | **2** | **3-3** | **4** |
| Fjölnir | 4 | 1 | 1 | 2 | 6-8 | 4 |
| **Valur** | **4** | **1** | **1** | **2** | **4-6** | **4** |
| Þróttur | 4 | 0 | 2 | 2 | 2-9 | 2 |
| **Grindavík** | **4** | **0** | **1** | **3** | **4-11** | **1** |
| ÍBV | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-7 | 0 |

# Stigið er sigur fyrir okkur

**Lúkas Kostic, nýr þjálfari Grindavíkur, var ánægður með jafntefli á móti Val þrátt fyrir að liðið hafi verið nálægt að ná öllum stigunum í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Marel Baldvinsson ætlar að reynast Valsmönnum sterkur á Vodafone-vellinum í sumar en hann tryggði liðinu 1-1 jafntefli á móti Grindavík í gær með því að skora jöfnunarmarkið sjö mínútum fyrir leikslok. Það leit lengi vel út fyrir 0-1 sigur gestanna úr Grindavík og þriðja tap Valsmanna í fjórum leikjum en Marel bjargaði stigin í lokin.

„Við gerðum okkur þetta erfitt fyrir með því að lenda undir snemma leiks. Við vissum að Grindavík myndi koma til þess að sækja eitt stig eins og sást á þeirra leik því þeir féllu gríðarlega mikið til baka," sagði Marel sem átti stórleik í fyrsta heimaleik Vals þegar liðið vann 3-1 sigur á Fjölni.

„Við sýndum ákveðinn karakter með því að reyna og reyna áfram þó að það hafi ekki verið fallegasta spilið. Við uppskárum eitt mark að lokum en við erum engan veginn sáttir við það," sagði Marel.

Grindvíkingar voru búnir að dusta rykið af útivallarleikaðferðinni sem reyndist þeim svo vel allt síðasta sumar. Liðið bakkaði aftur á völlinn og lét síðan Scott Ramsay gera gæfumuninn úr föstu leikatriði. Grindvíkingar unnu 8 af 11 útileikjum síðasta sumars og flesta þeirra á líkan hátt og þeir voru nærri því búnir að gera í gær.

Líkt og í síðasta leik á móti Keflavík þá byrjuðu Valsmenn leikinn af miklum krafti en einhæfur og hægur sóknarleikur liðsins kom Grindvíkingum ekki lengi á óvart.

Grindvíkingar voru fljótlega farnir að stríða heimamönnum með markvissum skyndisóknum og eftir eina slíka vann Scott Ramsay aukaspyrnu út á hægri kanti. Ramsay tók spyrnuna sjálfur og skoraði að því er virtist í gegnum Kjartan Sturluson, markmann Valsmann. Skotið var vissulega fast en Kjartan átti að gera miklu betur.

Valsmenn náðu upp góðri pressu í seinni hálfleik og varamaðurinn



**BARÁTTA** Scott Ramsay og Bjarni Ólafur Eiríksson kljást hér um boltann.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur Steinn Hafsteinsson náði að lífga upp á sóknarleik liðsins. Pressan jókst þó með hverri mínútunni og það varð eitthvað að láta undan. Markið kom loks sjö mínútum fyrir leikslok þegar Guðmundur Steinn Hafsteinsson skallaði boltann til Marels sem skutlaði sér á boltann og stangaði hann inn. Marel skoraði annað mark rétt fyrir leikslok en það var dæmt af vegna rangstöðu.

„Það munaði litlu að við fengjum öll stigin en Valsmenn spiluðu vel og fengu mikið af færum. Þeir voru líklegri en við vorum gríðarlega hættulegir í skyndisóknum. Ég er mjög ánægður með stigið. Ég lagði áherslu á það fyrir leikinn að fá stig og fá strákana til að berjast. Það er erfitt að vera búnir að tapa þremur leikjum í röð og koma á Vodafone-völlinn í leit að stigi. Þetta var því stórt stig fyrir framtíðina og þetta stig er sigur fyrir okkur," sagði Lúkas Kostic, þjálfari Grindavíkur, eftir hans fyrsta leik með liðið. ooj@frettabladid.is


# Tónlistarskóli FÍH

## Sumarnámskeið
### í bóklegum greinum 2.-31. júní

**Námsefni heils vetrar kennt í hraðferðarfromi.**
Lýkur með prófi.

| | | |
|---|---|---|
| Tónfræði | kl. 19:30-21:30 | *Kennari Erla Jónatansdóttir* |
| Jazzhljómfræði I | kl. 19:00-21:00 | *Kennari Ólafur Jónsson* |
| Jazzhljómfræði II | Kl. 17:00-19:00 | *Kennari Ólafur Jónsson* |
| Tónheyrn I | kl. 17:00-19:00 | *Kennari Gunnar Hrafnsson* |
| Tónheyrn II | Kl. 19:00-21:00 | *Kennari Gunnar Hrafnsson* |

Allir eru velkomnir í tónfræði. Til að komast í önnur fög þarf að ná stöðuprófi í tónfræði sem fer fram á fyrsta degi.

Kennt verður fjórum sinnum í viku.
Gjald fyrir eitt námskeið er kr. 35.000
Gjald fyrir tvö námskeið er kr. 50.000

Skráning fer fram með tölvupósti til **fih@fih.is**
eða í síma 588 8255
**Umsóknafrestur er til kl. 13:00 fösudaginn 29. maí.**

Skólinn áskilur sér rétt til að hætta við námskeið náist ekki tilskilinn lágmarksfjöldi þátttakenda. Námskeiðin veita ekki sjálfkrafa aðgang að vetrarnámi við Tónlistarskóla FÍH.


KR-ingar eru í efsta sæti Pepsi-deildar karla eftir fyrstu fjórar umferðirnar:

# Á toppnum í fyrsta sinn síðan 2003

**FÓTBOLTI** KR-ingar náðu langþráðu takmarki með 1-0 sigri á ÍBV á Hásteinsvellinum á laugardaginn. Það er ekki nóg að þeir unnu sinn fyrsta sigur í Eyjum síðan 1997, en þá komust þeir í toppsæti deildarinnar í fyrsta sinn í 67 mánuði. KR-ingar hafa ekki verið í toppsæti úrvalsdeildar karla síðan þeir tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn haustið 2003.

KR-liðið var búið að vera í 2. sæti á eftir Stjörnunni undanfarnar tvær umferðir en 1-5 tap Stjörnumanna á heimavelli Íslandsmeistarans, FH, sá til þess að



KR-ingar komust loksins í toppsæti deildarinnar. FH-ingar eiga möguleika á að skjóta annað lið í röð á toppnum þegar liðið sækir topplið KR heim á fimmtudaginn.

Það voru liðnar 97 umferðir síðan KR var í toppsætinu síðast og var Vesturbæjarliðið búið að vera neðan við fimmta sæti í 58 af þessum umferðum eða í 60 prósent þeirra. Fyrir utan byrjun mótsins í ár hafði KR komist næst efsta sætinu þegar liðið laumaði sér upp í annað sætið á eftir FH í lok mótsins 2006. FH var þá með sex stiga forskot á KR og því toppsætið aldrei í raun í sjónmáli fyrir Vesturbæjarliðið.

Enginn leikmaður KR í dag spilaði með KR-liðinu fyrir sex árum. Guðmundur Benediktsson var þá aðstoðarþjálfari liðsins en gat ekki spilað vegna meiðsla. Guðmundur átti einnig mikinn þátt í sigurmarkinu í Eyjum en Baldur Sigurðsson skoraði í kjölfarið á fyrirgjöf hans. - óój

**SÆTI KR MILLI TOPPSETU:**

| | |
|---|---|
| 2. sæti | 4 sinnum |
| 3. sæti | 8 sinnum |
| 4. sæti | 11 sinnum |
| 5. sæti | 16 sinnum |
| 6. sæti | 23 sinnum |
| 7. sæti | 8 sinnum |
| 8. sæti | 6 sinnum |
| 9. sæti | 7 sinnum |
| 10. sæti | 14 sinnum |



RIO FERDINAND Farinn að æfa á nýjan leik. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslit Meistaradeildarinnar:

# Rio verður líklega með

**FÓTBOLTI** Það bendir flest til þess að varnarmaðurinn Rio Ferdinand geti leikið með Man. Utd í úrslitum Meistaradeildarinnar eftir allt saman.

Rio hefur ekki spilað í þrjár vikur og lék ekki með gegn Hull um helgina. Hann komst þó í gegnum æfingar með liðinu og Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, býst við því að hann verði klár í leikinn mikilvæga á miðvikudag.

Það bárust einnig jákvæð tíðindi úr herbúðum andstæðinga United í leiknum, Barcelona, en þeir Thierry Henry og Andres Iniesta æfðu með liðinu í gær og er búist við því að þeir geti einnig spilað á miðvikudag.

Þá var einnig tilkynnt í gær að Svisslendingurinn Massimo Busacca myndi dæma leikinn. - hbg

Golfklúbburinn Teigur:

# Nýr valkostur í golfinu

**GOLF Stofnaður hefur verið nýr golfklúbbur sem ber nafnið Teigur.**

**Klúbburinn er stofnaður af þremur golfáhugamönnum og er hugsaður sem fýsilegur kostur fyrir þá sem spila ekki sérstaklega mikið en vilja samt hafa skráða forgjöf og taka þátt í mótum.**

**Ársgjaldið í Teig er 19.900 kr. en ársgjald í marga klúbba á höfuðborgarsvæðinu er frá 50 og upp í 80 þúsund krónur.** - hbg



GORDON STRACHAN Líklega á leið aftur í enska boltann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Strachan hættur hjá Celtic:

# Fer hann til Sunderland?

**FÓTBOLTI** Gordon Strachan tilkynnti í gær að hann væri hættur að þjálfa skoska liðið Celtic. Tilkynningin kemur aðeins degi eftir að Rangers tryggði sér skoska meistaratitilinn.

Strachan hefur þjálfað liðið síðustu fjögur árin og gerði liðið að meisturum fyrstu þrjú árin.

„Það hefur verið heiður og forréttindi að fá að þjálfa þetta félag. Það voru vonbrigði að vinna ekki fjórða árið í röð en leikmennirnir geta engu að síður borið höfuðið hátt yfir árangri síðustu ára,“ sagði Strachan í gær.

Það er þegar farið að spá í hvað Strachan taki sér næst fyrir hendur og skjóta margir á að hann taki við Sunderland en Ricky Sbragia mun ekki verða stjóri liðsins áfram. - hbg

Eyjamenn hafa ekki náð að skora mark í fyrstu fjórum umferðum Pepsi-deildar karla:

# Í 34 ár hefur ekkert lið beðið lengur

**FÓTBOLTI** Nýliðar ÍBV sitja á botni Pepsi-deildar karla og það er kannski ekkert skrítið því Eyjaliðið á enn eftir að skora sitt fyrsta mark í sumar. ÍBV hefur tapað fyrstu fjórum leikjunum sínum fyrir Fram (0-2), Breiðabliki (0-1), Stjörnunni (0-3) og KR (0-1) með markatölunni 0-7.

Eyjamenn hafa alls átt 41 skot í þessum fjórum leikjum, þar af hafa 17 þeirra farið á markið. Selfyssingurinn ungi, Viðar Örn Kjartansson, hefur byrjað alla fjóra leikina en á enn eftir að brjóta ísinn og skora sitt fyrsta úrvalsdeildarmark.

Það þarf að fara aftur til ársins 1975 til þess að finna lið í efstu deild karla sem þurfti að bíða lengur eftir fyrsta marki sínu á tímabilinu. KR-ingar léku þá fyrstu fjóra leiki sína án þess að skora en fyrsta mark sumarsins kom eftir níu mínútur í fimmta leiknum. Það var Atli Þór Héðinsson sem braut ísinn fyrir KR-inga og bætti síðan marki við í 2-0 sigri á Víkingum.

Eyjamenn hafa því níu mínútur í næsta leik á móti Fjölni til þess að skora sitt fyrsta mark og sleppa við að slá met Vesturbæinga sumarið 1975. Metið er þó enn í lítilli hættu því þremur árum áður skoruðu Víkingar ekki fyrr en í áttunda leik sínum eða ekki fyrr en þeir voru búnir að spila í 640 mínútur. Eyjamenn eru núna í fjórða sæti á listanum.

Það var Ingi Rafn Ingibergsson sem skoraði síðasta mark ÍBV í úrvalsdeild karla þegar hann kom liðinu í tvö mörk yfir á 34. mínútu í 2-0 sigri á Fylki 23. september 2006. Síðan eru liðnar 416 mínútur. Ingi Rafn hefur aðeins spilað í samtals 11 mínútur í fyrstu fjórum leikjum Eyjaliðsins í sumar og það væri kannski krókur á móti bragði hjá Heimi Hallgrímssyni, þjálfara að nota strákinn í næsta leik. - óój

**LENGSTA BIÐ EFTIR FYRSTA MARKI Á SUMRI**
**(í tvöfaldri umferð 1959-2009)**

| | |
|---|---|
| 640 mínútur | Víkingur, 1972 |
| 485 mínútur | ÍBÍ, 1962 |
| 369 mínútur | KR, 1975 |
| **360 mínútur** | **ÍBV 2009** |
| 358 mínútur | ÍBH, 1961 |
| 358 mínútur | Stjarnan, 2000 |



EKKERT MARK Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, á enn eftir að sjá sína menn skora í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




## > Josh Radnor

„Ég er feginn því að þátturinn er ekki tekinn upp með áhorfendum í sal. Ég á auðveldara með að læra á meðleikara mína þegar ég er ekki stöðugt að hlusta eftir viðbrögðum úr salnum.“

***Radnor leikur Ted í þættinum How I Met Your Mother sem Stöð 2 sýnir í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON **HORFÐI Á HEIMILDARMYND UM HINN 14. DALAI LAMA**

## *Heimspeki hins hlæjandi munks*



Áður en Kínverjar tóku yfir Tíbet var það einstakt og fagurt land þar sem hirðingjafólk bjó í friði og spekt á háslettum og andlegir leiðtogar réðu ríkjum. Tíbet bjó svo sem ekki yfir neinum auðlindum en það sem hefur væntanlega heillað Kína var hversu víðfeðmt og strjálbýlt það var. Að minnsta kosti voru Kínverjar ötulir við að flytjast þangað og nú búa þar mun fleiri Kínverjar en Tíbetar. Kommúnistastjórn Kína hefur unnið að því hörðum höndum í fjörutíu ár að eyðileggja allan menningararf Tíbeta sem hefur orsakað það sem Dalai Lama kallar menningarlegt þjóðarmorð. Á sunnudagskvöld sýndi RÚV áhugaverða heimildarmynd sem nefndist Tíu spurningar fyrir Dalai Lama. Þar blandaðist saman skemmtilegt viðtal kvikmyndagerðarmannsins við andlega leiðtogann, gamlar kvikmyndir frá árinu 1939 þegar hinn ungi Tenzin Gyatso, sem var nýorðinn að hinum fjórtánda Dalai Lama, ferðaðist til Lhasa og svipmyndir af honum á ferðalögum um heiminn. Myndin sem birtist okkur af Dalai Lama er af bráðgreindum húmorista sem virðist hafa réttu svörin við þeim spurningum sem brenna á mannkyninu. Að friður, sjálfsagi og nægjusemi sé það sem heimurinn þarf að tileinka sér. Að bægja frá neikvæðum og hatursfullum tilfinningum, að vera umburðarlyndur gagnvart öllum trúarbrögðum og kunna að viðurkenna þegar maður hefur rangt fyrir sér. Einföld en sannfærandi speki.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.00** Pepsímörkin 2009 STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.40** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** Bones STÖÐ 2



▶ **21.50** The Cleaner SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar** (42:53)
**17.52 Arthúr**
**18.17 Hrúturinn Hreinn** (23:35)
**18.25 Íslenski boltinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Skólaklíkur** (Greek) (3:10) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.55 Kárahnjúkar**
**21.25 Á tali** (Clement interviewer: Elias Bermudez) Clement Behrendt Kjersgaard ræðir við Elias Bermudez sem stofnaði samtök ólöglegra innflytjenda í Arizona en Bermudez kom sjálfur ólöglega yfir landamærin frá Mexíkó.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Lögregluforinginn - Blóraböggull** (The Commander: The Devil You Know) (2:2) Clare Blake er yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í London og rannsakar hér lát tveggja ára stúlku.
**23.10 Ríki í ríkinu** (The State Within) (4:7) Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst.
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Shopgirl**
**10.00 No Reservations**
**12.00 Jumanji**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 No Reservations**
**18.00 Jumanji**
**20.00 G** Rómantísk og áhrifamikil mynd um ungan rappara sem á sér stóra drauma og bíður tækifæris á að sýna sig og sanna.
**22.00 Freedomland**
**00.00 The Last King of Scotland**
**02.00 Palindromes**
**04.00 Freedomland**
**06.00 Charlie's Angels**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Stuðboltastelpurnar og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (9:25)
**09.55 Doctors** (10:25)
**10.20 Extreme Makeover. Home Edition** (11:25)
**11.05 Cold Case** (9:23)
**11.50 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (197:260)
**13.25 Fun With Dick and Jane**
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Stuðboltastelpurnar og Kalli og Lóa.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (17:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (18:22)
**20.00 The New Adventures of Old Christine** (8:10) Christine er fráskilin einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.
**20.25 How I Met Your Mother** (20:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
▶**20.50 Bones** (12:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðingur er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**21.35 Little Britain 1** (5:8)
**22.05 Gavin and Stacey** (2:6)
**22.30 The Sopranos** (17:26)
**23.20 Auddi og Sveppi**
**00.00 Grey's Anatomy** (22:24)
**00.45 The Closer** (5:15)
**01.30 Fringe** (18:21)
**02.20 MirrorMask**
**03.55 Fun With Dick and Jane**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Valur - Grindavík** Útsending frá leik í Úrvalsdeild karla.
**16.40 Denver - LA Lakers** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**18.30 Þýski handboltinn - Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann.
▶**19.00 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**20.00 Man. Utd - Chelsea** Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
**22.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**23.10 HP Byron Nelson Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**00.05 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**00.30 Orlando - Cleveland** Bein útsending frá leik Orlando og Cleveland í úrslitakeppni NBA.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Burnley - Sheff. Utd.** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 Enska úrvalsdeildin. Hull - Man. Utd.** Útsending frá leik Hull og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.15 PL Classic Matches** Everton - Leeds, 1999.
**20.45 PL Classic Matches** Liverpool - Man Utd, 99/00.
**21.15 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**21.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.40 Sunderland - Chelsea** Útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.25 The Game** (18:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**18.50 America's Funniest Home Videos** (25:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
**19.15 America's Funniest Home Videos** (26:48) (e)
**19.40 This American Life** (3:6) Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. (e)
**20.10 The Biggest Loser** (18:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
**21.00 Nýtt útlit - Lokaþáttur** (11:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
▶**21.50 The Cleaner** (12:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 CSI** (19:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.
**21.00 Græðlingur** Þáttur um ræktun matjurta í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðing. Fyrsti þátturinn fjallar um ræktun rótarávexta.
**21.30 Ákveðin viðhorf** Umsjón: Erna Rós Kristinsdóttir og Guðný Kjartansdóttir. Rætt er um Fésbók sem markaðsteki við Ásu Baldursdóttur og Fríðu Garðarsdóttur.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

Viltu styrkja stöðu þína verulega?

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



**Skrifstofubraut I**
– staðbundið nám og fjarnám.
Frábært tækifæri fyrir þá sem hafa litla sem enga undirstöðu í bókhaldi.

**Skrifstofubraut II**
- fjarnám - Nemendur útskrifast sem rekstrarfulltrúar.

**Office Skills Programme**
- Skrifstofubraut I fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**
– fjarnám sérsniðið að vinnutíma og þörfum fólks sem vinnur í fjármálafyrirtækjum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000 og 824 4114 (Inga Karlsdóttir).

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.05

### Gavin and Stacey

Breskir gamanþættir um Gavin og Stacey, sem í upphafi þekkjast aðeins í gegnum vinnuna. Þau hafa talað margoft saman í síma en aldrei sést enda búa þau í sínum landshlutanum hvort. Þau láta svo loksins til skara skríða, fara á hálfblint stefnumót, og þá verður ekki aftur snúið. Ást við fyrstu sýn er staðreynd sem þau fá ekki flúið hvort sem vinum þeirra líkar betur eða verr. Þættirnir voru einnig frumsýndir í Bandaríkjunum fyrr á árinu við gríðarlega góðar undirtektir gagnrýnenda.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Nýtt útlit – lokaþáttur

### Skjáreinn kl. 21.00

Karl Berndsen hefur um árabil verið búsettur í London þar sem hann hefur unnið með fjölmörgum stórstjörnum. Í þættinum Nýtt útlit hefur hann upplýst fjölmörg leyndarmál tískubransans og kennt fólki að klæða sig betur. Oft þarf engar geðveikar æfingar, megrunarkúra eða fitusog, einungis einfaldar lausnir og góð ráð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Öreigaskáldsögur
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Ornette Coleman kvartettinn leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Trompetmeistarar sveiflunnar
**23.00** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (196:260)
**17.15 Hollyoaks** (197:260)
**17.40 Ally McBeal** (2:21)
**18.25 Seinfeld** (6:13)
**18.45 Hollyoaks** (196:260)
**19.15 Hollyoaks** (197:260)
▶**19.40 Ally McBeal** (2:21) Ling og Ally ákveða að bæta samband sitt sem vinkonur og kanna hvort þær séu í raun samkynhneigðar. John reynir að koma Nell á óvart í bólinu.
**20.25 Seinfeld** (6:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk vegna þess hve hann er smámunasamur og sérvitur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Entourage** (4:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi verið búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medallín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.
**22.25 Peep Show** (12:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**22.55 New Amsterdam** (8:8)
**23.40 Weeds** (13:15)
**00.10 Auddi og Sveppi** Auddi
**00.40 Sjáðu**
**01.10 Fréttir Stöðvar 2**
**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Dalziel and Pascoe **10.55** Dalziel and Pascoe **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** After You've Gone **14.30** The Weakest Link **15.15** Dalziel and Pascoe **16.05** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** After You've Gone **19.10** Jekyll **20.00** Waking the Dead **20.50** Dalziel and Pascoe **21.40** Dalziel and Pascoe **22.30** Jekyll **23.20** My Hero **23.50** After You've Gone

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Mød EU-kandidaterne **10.50** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Forandring på vej **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** SPAM - Din digitale medieguide **14.30** Monster allergi **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Mig og min alder **18.00** Ønskehaven **18.30** Reddet af delfiner **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Lewis **21.35** Dødens Detektiver **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Puls **10.35** Vestenfor vest, der menneskene ga opp **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Sommerhuset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Skjergardsmat **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Prosjekt X **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Etter Thomas

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Rekviem för en trollslända **10.30** Hårets hemligheter **11.50** Kungen kommer **13.10** Drömprinsen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pistvakt **15.25** Sjukan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Allt ljus på **16.55** Anslagstavlan **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Krig och fred **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Sommartid **21.30** Sommer **22.25** Sändningar från SVT24


Meiri þægindi og aukið geymsluþol

Nú er MS rjóminn í ½ l umbúðum með tappa.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0487

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér eina ristaða brauðsneið með osti og gúrkusneiðum, apelsínudjús, þrjá bolla af kaffi og sígó, þá er ég vöknuð!“*

Dóra Takefusa bareigandi.

# Hugleikur aftur í Símaskrána

„Mér fannst ég ekki vera búinn að klára þessar persónur,“ segir Hugleikur Dagsson, sem hefur annað árið í röð samið myndasögu fyrir Símaskrána. „Ég reyndi að gera þetta eins sjálfstætt framhald og ég gat en sagan er samt framhald af atburðum fyrri bókar.“

Nýja sagan, sem heitir Garðarshólmi – önnur skorpa, segir frá því hvernig pilturinn Knútur öðlast ofurkrafta og verður þrumuguðinn Þór. „Ég stal þarna pælingum úr Marvel-myndasögum og He-Man-teiknimyndunum,“ segir Hugleikur. Inn í söguna fléttast síðan einelti sem vinkona Knútar, Hrafnhildur, verður fyrir. „Sagan segir frá því hvernig hann bregst við því, hvort hann á að verja hana eða þykjast ekki þekkja hana. Þarna er snert á þessu frumskógarlögmáli sem gengur í öllum skólum heimsins.“

Einnig er í Símaskránni smásaga um veðurfræðing, kallaður Stinni Stinningskaldi, sem er hættur að hafa rétt fyrir sér. Jólakötturinn kemur jafnframt við sögu á nýjan leik. Núna hefur hann verið vistaður í Húsdýragarðinum, þar sem síðasta saga endaði, sem er núna fullur af goðsagnaskepnum. „Það hefur ekki endilega jákvæð áhrif á land og þjóð að læsa inni goðsagnaskepnur,“ segir Hugleikur og bætir við að Eurovision og Snorra-Edda fái einnig sitt pláss í sögunni.

Síðasta myndasaga Hugleiks hitti rækilega í mark og var ólíklegasta fólk farið að lesa Símaskrána spjaldanna á milli. „Það var ákveðin afsökun fyrir mig til að gera eitthvað sem var ekki kúk- og piss-brandarar,“ segir hann. „Mér fannst auðveldara að skrifa þannig því ég hélt alltaf að það væri svo auðvelt að vera dóni. Núna er auðveldara að fara hina leiðina.“ - fb



**HUGLEIKUR DAGSSON** Hugleikur er mættur aftur með framhald myndasögunnar úr síðustu Símaskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
2. eiga, 6. fisk, 8. meðal, 9. viljugur, 11. tveir eins, 12. afspurn, 14. fótmál, 16. kúgun, 17. knæpa, 18. fálm, 20. klaki, 21. traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
1. útdeildu, 3. járnstein, 4. sumbl, 5. kraftur, 7. lævís, 10. stykki, 13. ról, 15. aflast, 16. tíðum, 19. eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. hafa, 6. ál, 8. lyf, 9. fús, 11. ll, 12. umtal, 14. skref, 16. ok, 17. krá, 18. fum, 20. ís, 21. tróð. **LÓÐRÉTT:** 1. gáfu, 3. al, 4. fyllerí, 5. afl, 7. lúmskur, 10. stk, 13. ark, 15. fást, 16. oft, 19. mó.



**HUGMYNDARÍKAR** Hópurinn með kennara sínum og leiðbeinanda, Auði Jónsdóttur. Þær frumsýna á fimmtudaginn tvö ný leikverk sem fæddust á námskeiði hjá Auði og verða alvöru atvinnuleikarar í helstu hlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AUÐUR JÓNSDÓTTIR: UPPRIFIN YFIR HÆFILEIKUM NEMENDA SINNA

# Einstæðar mæður skrifa leikrit fyrir Borgarleikhúsið

„Þetta er svona Full Monty, nema bara fyrir leikhúsið og það er engin sem fækkar fötum,“ segir Auður Jónsdóttir, rithöfundur og leikritaskáld. Hún var leiðbeinandi tveggja hópa í Kvennasmiðju Námsflokka Reykjavíkur í skapandi skrifum en nemendurnir voru átján einstæðar mæður. Útgefendur skyldu hafa augun hjá sér og fylgjast vel með hópnum því einn þekktasti rithöfundur síðari tíma, J.K. Rowling, var einmitt einstæð móðir þegar hún skrifaði sögurnar um Harry Potter.

Upphaflega hugmyndin var sú að kenna þeim sitthvað í skapandi skrifum en að sögn Auðar var hugmyndaflugið og orkan svo mikil að til urðu tvö leikrit sem sett verða upp á stóra sviði Borgarleikhússins á fimmtudaginn klukkan ellefu árdegis. Leikarar úr Borgarleikhúsinu hafa verið fengnir í helstu hlutverkin og vinum, vandamönnum og velunnurum hefur verið boðið. Auður lætur þess þó getið að allir sem vilji sjá þessar frumraunir kvennanna megi endilega láta sjá sig.

Auður viðurkennir að þetta hafi ekki verið í upphaflegu námsskránni; að til yrðu fullsköpuð leikrit sem hægt væri að sýna í leikhúsi. Námskeiðið átti bara að snúast um skapandi skrif og hvernig best væri að bera sig að við þau. „En þegar þær voru saman komnar leyndist svo mikill kraftur þarna og hann braust út af fullu afli og eftir tvo tíma var komin upp sú hugmynd að setja leikverkin upp, vera með sýningu á stóra sviði Borgarleikhússins og fá alvöru leikara í hlutverkin,“ útskýrir Auður og játar það fúslega að afraksturinn hafi farið fram úr sínum björtustu vonum. „Ég er alveg rosalega upprifin, ég bjóst aldrei við þessu.“

Og skáldið segir samtölin vera svo flott og frumleg að eflaust myndu mörg ungskáldin skera af sér aðra höndina fyrir texta á borð við þann sem lifnar við í Borgarleikhúsinu. „En það hefði svo sem ekkert átt að koma á óvart, hvað þeim finnst lítið mál að skrifa leikrit, þær eru náttúrlega vanar mikilli vinnu og að þurfa að finna eitthvað sniðugt plott á hverjum degi í sínu lífi.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Heimildarmyndahátíðin **Skjaldborg** á Patreksfirði hefur náð að skapa sér nafn meðal kvikmyndaáhugamanna. Og þeir flykkjast þangað ár hvert um hvítasunnuhelgina til að fylgjast með grasrótarstarfinu í íslenskri heimildarmyndagerð. Dagskráin í ár verður að teljast nokkuð glæsileg en þar ber helst að nefna að brot úr heimildarmynd **Ara Alexander** um búsáhaldabyltinguna og efnahagshrunið verður sýnt í fyrsta skipti. Ari ku vera einn fárra sem á lifandi myndir af því þegar lögreglan beitti táragasi á Austurvelli snemma á þessu annars viðburðaríka ári.



Eins og greint var frá á þessum stað á föstudaginn hefur **Ómar R. Valdimarsson,** PR-maður og laganemi, tekið að sér hlutastarf hjá Bloombergfréttaveitunni. Ómar hyggst að sjálfsögðu varðveita hlutleysi fréttamannsins og hefur því sagt af sér sem ræðismaður El Salvador á Íslandi. Hann er því nú á fullu að leita að hentugum arftaka með sendiráði landsins í Svíþjóð.



Og þeim **Steinþóri Steingrímssyni og Ölvir Gíslasyni** gengur vel að selja nýja spurningaspilið, Spurt að leikslokum. Nokkrir þingmenn munu hafa fest kaup á spilinu og hyggjast fræðast um landsins gagn og nauðsynjar. Þeir Steinþór og Ölvir hafa þó farið heldur óhefðbundnar leiðir við að auglýsa spilið því glöggir notendur einkamálasíðunnar einkamal.is tóku eftir því að þar auglýsti spilið eftir „leikfélögum“. - fgg



Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PARKET TILBOÐ



Parki INTERIORS
PARKIS / DALVEGI 10 - 14 / S:5643500

# Auddi á úrslitaleikinn í Róm

„Ég hlakka mikið til, þetta verður stemning,“ segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal sem er á leiðinni til Rómar þar sem úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu fer fram á milli Manchester United og Barcelona á miðvikudag. Ekki er um vinnuferð að ræða heldur ætlar Auddi eingöngu að mæta til að styðja við bakið á sínum mönnum í United.

Enska liðið vann Meistaradeildina í fyrra í Moskvu og hefur nú tækifæri til að verja titilinn og bæta um leið þriðja bikarnum í safnið á þessu tímabili. Þegar er deildarbikarinn og úrvalsdeildin í höfn. „Ég spái því að United vinni í framlengingu,“ segir Auddi, sem fór ekki á úrslitaleikinn í fyrra en bætir núna rækilega fyrir það.

Hann segir ekki ákveðið hvort hann hitti vin sinn Eið Smára Guðjohnsen eftir leikinn. „Það fer allt eftir því hvernig fer og svona. Það sem er gott er að þetta er nett „win-win“ fyrir mig því ég er harður United-aðdáandi en svo væri ekki leiðinlegt ef hlunkurinn fengi medalíu.“

Auddi hefur aldrei áður komið til Rómar og er eins og gefur að skilja spenntur fyrir borginni. „Maður verður að taka pínu túristann á þetta. Maður verður eins og Kínverji með myndavél röltandi um.“ - fb



**AUÐUNN BLÖNDAL** Sjónvarpsmaðurinn er á leiðinni til Rómar til að fylgjast með úrslitaleik Meistaradeildarinnar í fótbolta.



**FÆR HANN MEDALÍU?** Eiður Smári gæti sigrað í Meistaradeildinni annað kvöld með Barcelona.


Ný Skáldsaga
eftir Hugleik Dagsson
Útgáfugleði á Austurvelli
í dag 26. maí kl. 11.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Páls Baldvins Baldvinssonar

## *Allt með kossi vekur*

Vorið er fyrr á ferðinni hér í Víkinni en mörg undangengin ár: laukarnir æddu upp úr moldinni á fardögum rétt eins þeir ætluðu annað. Nokkurra daga sól kallaði þá upp og varla búið að taka ofan af enda gjalda garðræktendur varhug við sólarglennum svo snemma í maí. Vita sem er að allra veðra er von á útkjálkum eins og hér í Víkinni, að ekki sé talað um þar sem landið hækkar austan við Kvosina. Það er veðrarígur milli lóðaeigenda í henni Reykjavík: þekki ég menn í raðhúsum inni við Sund sem telja veðrið þar miklu betra en á öðrum stöðum í borgarskipulaginu. Þá hafa Fossvogsbúar sérkennilegar hugmyndir um að þar skíni sólin heitar en á aðra í dalverpunum upp frá víkunum sunnan Kollafjarðar.

**ÞAÐ** er hollt að hugsa borgarstæðið án húsanna, byggðin er svo ný en samt er landið í borginni okkur einhvern veginn horfið. Við skynjum það ekki lengur. Farartálminn sem Melarnir voru á leiðinni suður að Skerjafirði eru okkur ókunnir og mörg gömul kennileiti í landinu eru horfin í móðu sögunnar. Við erum söguснauð borg og gerum ekkert til að lappa upp á skynjun og skilning á hvað var hér áður.

**ÞESS** vegna var ganga kvenna inn að laugum skemmtileg viðbót. Næst mætti fara leiðir úr Kvosinni inn að mógrafarsvæðunum í Vatnsmýrinni og Sogamýrinni þangað sem fólk sótti sér eldivið lengi, jafnvel eftir að kolin komu til, að ekki sé talað um koks, gas og hitaveituna. Líka mætti karlpeningur listanna þræða ströndina í leit að vörum sem flestar hafa fyllst. Hvað þyrfti margar hendur til að hreinsa eina vör eins og varð að gera öll vor eftir vetrarveðrin?

**OG** svo má demba sér í sjóinn. Sjósundið er með elstu íþróttagreinum sem stundaðar voru bæði við Víkina og í Skerjafirðinum. Það er að lifna við fyrir þrákelkni fólks sem veður aðfallið og leggst á sund yfir þaraflákana. Önnur grein sem er gleymd er róðurinn sem var þó lífsbjörg okkar um aldir. Hví er róður ekki stundaður meir hér við sundin?

**VORKVÖLDIN** og sumarnætur snemmsumars eru yndislegur tími í borginni. Hin fullkomna þögn í sólarupprásinni er helgistund og fátt dásamlegra en eiga stund með fuglunum að vaða döggvott gras.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 26. maí, 146. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.39 | 13.25 | 23.13 |
| Akureyri | 2.56 | 13.09 | 23.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


